



Skipulagsskrá og starfsgrunnur fyrir Gilwell-skólann á Íslandi

Efnisyfirlit:

- Inngangur
- Stjórnun og skipulag
- Uppbygging Gilwell-leiðtogapjálfunar
- Gilwell-grunnþjálfun
- Framhaldsþjálfun og símenntun
- Gilwell-teymið

Fylgiskjöl:

1. Mannauðskerfi skátahreyfingarinnar á Íslandi
2. Fullorðnir í skátastarfi: Stefnumörkun WOSM
3. WOSM-rammi fyrir Gilwell-leiðtogapjálfun
4. Gilwell-leiðtogapjálfun er fullorðinsfræðsla
5. Sögulegt yfirlit Gilwell-þjálfunar
6. Saga Gilwell-leiðtogapjálfunar á Íslandi
7. Starfslýsingar fyrir Gilwell-teymið
8. Dæmi um starfssamninga sjálfboðaliða við Gilwell-skólann

Skipulagsskrá og starfsgrunnur Gilwell-skólans ásamt fylgiskjölum var samþykkt á fundi stjórnar Bandalags íslenskra skáta 28. maí 2014

Inngangur

Gilwell-skólinn á Íslandi er rekinn af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Gilwell-skólinn býður leiðtogaþjálfun fyrir fullorðna einstaklinga sem vilja vinna skátahreyfingunni gagn ýmist sem leiðtogar ungra skáta eða á annan hátt. Gilwell-skólinn býður bæði *grunnþjálfun* í samræmi við ramma alþjóðasamtaka skáta og *símenntun* – bæði endurmenntun og framhaldsþjálfun á fjölmörgum sviðum leiðtogafræða. Gilwell-skólinn hefur höfuðbækistöðvar sínar í Skátamiðstöðinni að Hraunbæ 123 í Reykjavík.

Gilwell-skólinn starfar undir yfirstjórn og á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra BÍS. Fjárhagsáætlun Gilwell-skólans er hluti af fjárhagsáætlun BÍS og allt starf skólans heyrir undir framkvæmdastjóra BÍS eins og önnur verkefni bandalagsins, t.d. Landsmót skáta og ferðir stórra skátahópa á erlend skátamót .

Gilwell-skólinn stendur fyrir námskeiðum og vinnusmiðjum í Skátamiðstöðinni við Hraunbæ, á Úlfjótuvatni, í skátaheimilum eða á öðrum hentugum stöðum víðsvegar um landið eftir aðstæðum og eftirspurn. Auk þess er umfangsmikið fjarnámskerfi á internetinu í mótun. Stefnt er að auknum sveigjanleika til þess að koma til móts við ólíkar þarfir og aðstæður þátttakenda. Þá vinnur Gilwell-skólinn með fyrirliðum sjálfböðastarfs í skátafélögum að fjölgun fullorðinna sjálfböðaliða í skátastarfi.

Gilwell-skólinn á Íslandi starfar í samræmi við þá ramma um leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar sem gefnir eru út af alþjóðasamtökum skáta. Það er fullt samræmi milli alþjóðasamtakanna tveggja um leiðtogaþjálfun fullorðinna sjálfböðaliða í skátastarfi. WOSM-rammi fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfun (Wood Badge) er hluti af þessari skipulagsskrá (sjá Fylgiskjal 3). Þá er einnig stuðst við sambærilegan ramma frá WAGGGS (sjá *Policy and Guidelines: Adult Training, Learning and Development*, World Association of Girl Guides and Girl Scouts, 2012). Þar sem Gilwell-leiðtogaþjálfunin er fyrst og fremst fullorðinsfræðsla er á hverjum tíma stuðst við það sem best er vitað samkvæmt kennslu- og menntavísindum fyrir fullorðna (sjá Fylgiskjal 4).

Gilwell-skólinn er grunnstoð í mannauðskerfi skátahreyfingarinnar á Íslandi. Á vegum WOSM var samin skýrsla (*Adults in Scouting*) árið 1990. Þessi skýrsla lagði grunn að skipulagi til að halda utan um þann mannauð sem fólgin er í fullorðnum skátum og er m.a. fólgið í fræðslu og leiðtogaþjálfun. Á þeim grunni var svo samþykkt stefnumörkun um mannauð fullorðinna skáta (*World Adult Resources Policy*) 1993. Þannig hefur leiðtogaþjálfun fullorðinna skáta (*Adult Leader Training*) formlega orðið óaðskiljanlegur hluti þeirrar mannauðsstjórnunar sem skátahreyfingunni er svo mikilvæg. (Sjá nánar í Fylgiskjali 2)

Í stefnumörkun WOSM um „fullorðna í skátastarfi“ segir eftirfarandi (fylgiskjal 2, 5.1):

„Það er á valdi hvers skátabandalags að skilgreina hvernig best er að byggja upp þátttöku fullorðinna skáta og umsjón með fullorðnum í skátastarfi – með tilliti til sérstakra aðstæðna, þarfa og mögulegra bjarga í hverju landi. Uppbygging í hverju landi þarf þó alltaf að samhæfa

nýliðun, þjálfun og stuðning við fullorðna í skátastarfi ásamt því að leggja áherslu á persónulega þroska einstaklinga, starfsmat, hvernig tekið er á ákvörðunum um framtíðarþátttöku hvers einstaklings og upplýsingagjöf til stjórnenda og ábyrgðaraðila viðkomandi skátabandalags eða skátafélags. Umsjónarkerfi fyrir fullorðna í skátastarfi verður að hafa formlega tengingu við þá sem eru ábyrgir fyrir skátastarfi barna og unglunga (Youth Programme) – (t.d. gæti fulltrúi starfsráðs fyrir skátastarf barna og unglunga verið áheyrnarfulltrúi í starfsráði fyrir fullorðna í skátastarfi og öfugt).

Mögulegt er innan einstakra skátabandalaga að stofna sérstakt ráð fyrir fullorðna í skátastarfi sem starfi undir framkvæmdaráði/stjórn viðkomandi bandalags.

Starfsráð sem ber ábyrgð á málefnum fullorðinna í skátastarfi (hér á landi fræðsluráð BÍS) þarf líka að tengjast einstökum skátafélögum og hópum/félögum fullorðinna skáta ásamt því starfsfólki viðkomandi bandalags sem fer með málefni fullorðinna. Tryggja þarf líka tengingar þeirra sem eru ábyrgir fyrir skátastarfi barna og unglunga og hinna sem fara með fræðslu- og þjálfunarmál ásamt þeim sem bera ábyrgð á nýliðun og almennri stjórnarsýslu. “

Þessi stefnumörkun WOSM leggur áherslu á mikilvægi þess að samþætta í eina heild alla þætti mannauðsstjórnunar fullorðinna (þ.e. nýliðun, stuðning og þjálfun ásamt eftirfylgni). Hvað snertir þá fullorðnu einstaklinga sem um er að ræða er lögð áhersla á persónulegan þroska leiðtoga innan skátahreyfingarinnar og mikilvægi þess að skoða heildina en ekki einungis þröngt afmörkuð verkefni. Hvað snertir „stuðning og þjálfun“ er lögð sérstök áhersla á sveigjanleika hvað varðar fræðslu og þjálfun og að auðvelda öllum fullorðnum aðgengi að fræðslu- og þjálfunarkerfi hreyfingarinnar. Þá er lögð áhersla á að leiðtogaþjálfunin taki tillit til þroskaferils þeirra fullorðnu einstaklinga sem í hlut eiga til jafns við kröfur um ákveðna þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að sinna ákveðnum verkefnum.

Með nýrri nálgun á Gilwell-leiðtogaþjálfun er ekki gert lítið úr þeirri þjálfun og þeim stuðningi sem skátabandalög eða stjórnendur og leiðbeinendur hafa veitt fram að þessu. Þeir sem leiða fullorðinsfræðslu skátahreyfingarinnar eru hins vegar með nýrri stefnumörkun orðnir hluti af stærri heild og þau hæfnisvið sem þeir þurfa að ráða yfir hafa víkkað verulega þar sem nú snýst leiðtogaþjálfun fullorðinna um allt sem fullorðnir gera innan skátahreyfingarinnar auk persónulegs þroskaferils hvers fullorðins skáta.

Á Íslandi falla málefni „fullorðinna í skátastarfi“ (Adults in Scouting), þar með talin leiðtogaþjálfun fullorðinna, undir fræðsluráð og formann fræðsluráðs í samábyrgri stjórn BÍS.

Stjórnun og skipulag

Eins og nánast allt skátastarf er *Gilwell-skólinn* fyrst og fremst borinn uppi af sjálfbóðaliðum. Það á við um stjórnun skólans, skipulagsvinnu og störf leiðbeinenda. Að sjálfsögðu hefur starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar hlutverk í tengslum við skólann en það er aðallega fólgið í utanumhaldi og upplýsingagjöf bæði til skátafélaganna víðs vegar um landið og til teymis sjálfbóðaliða sem stendur á hverjum tíma undir meginverkefnum leiðtogaþjálfunarinnar. Þróunarstarf er unnið af teymi

sjálfboðaliða (Gilwell-teyminu) og starfsmönnum Skátamiðstöðvarinnar og með þátttöku þeirra fullorðnu sjálfboðaliða sem standa fyrir skátastarfinu í skátafélögunum eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Stefnt er að því að Gilwell-skólinn verði í farabroddi innan skátahreyfingarinnar á Íslandi hvað varðar faglega umsýslu sjálfboðaliða með skilgreiningu verkefna, tímabundnum samningum og félagslegum stuðningi.

Skólastjórn Gilwell-skólans samanstendur af samtals fimm sjálfboðaliðum sem hafa sérþekkingu á starfsgrunni skátahreyfingarinnar og fullorðinsfræðslu. Skólastjóri er formaður skólastjórnar og stjórnar fundum hennar. Skólastjóri er skipaður samkvæmt tilnefningu formanns fræðsluráðs af stjórn BÍS til þriggja ára í senn, en aðrir stjórnarmenn eru valdir á faglegum forsendum til sama tíma úr Gilwell-teyminu af skólastjóra með samþykki stjórnar BÍS. Að minnsta kosti tveir stjórnarmenn skulu hafa tengsl við starfandi skátafélög og þar með við skátastarf ungs fólks. Einn stjórnarmanna er mannauðsstjóri Gilwell-teymisins og annar gæðastjóri sem stýrir stöðugu mati á undirbúningi og framkvæmd starfsins. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

Skólastjóri Gilwell-skólans stjórnar skólanum í samráði við skólastjórn, Gilwell-teymið og starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar. Skólastjóri er ábyrgur fyrir *undirbúningi* (námskrá, námsefni o.s.frv.), *framkvæmd* (námskeiða, fjarnáms o.s.frv.) og *mati* (endurmat, ígrundun o.s.frv.) í samvinnu við stjórn skólans, starfsfólk Skátamiðstöðvar og Gilwell-teymið eftir því sem við á. Skólastjóri, eða fulltrúi hans, kemur fram fyrir hönd Gilwell-skólans gagnvart innlendum og erlendum aðilum, við brautskráningu þátttakenda o.s.frv.

Gilwell-teymið er stór hópur reyndra sjálfboðaliða í skátastarfi með fjölbreytilega sérþekkingu. Einstaklingar og minni hópar innan Gilwell-teymisins taka svo að sér afmörkuð verkefni til tiltekins tíma samkvæmt sérstöku samkomulagi (sjá síðar). Stefnt er að því að allir í Gilwell-teyminu hafi lokið Gilwell-leiðtogaþjálfun og að sem flestir hafi lokið framhaldsþjálfun og unnið sér rétt til að bera þrjár eða fjórar skógarperlur (sjá síðar).

Fræðsluráð BÍS, sem kosið er af Skátapingi er, samkvæmt lögum BÍS, formanni fræðsluráðs til ráðgjafar um fræðslumál fullorðinna sjálfboðaliða. Búast má við á hverjum tíma að þeir sem kosnir eru í fræðsluráð á Skátapingi séu jafnframt í Gilwell-teyminu og þar með hluti af Gilwell-skólanum.

Uppbygging Gilwell-leiðtogaþjálfunar

Skátahreyfingin er uppeldishreyfing. Markmið hreyfingarinnar er að veita ungu fólki raunhæf tækifæri til að verða *sjálfstæðir*, *virkir* og *ábyrgir* einstaklingar í samfélaginu. Fullorðnir skátar eru kjölfestan í góðu skátastarfi þar sem þeir eru ábyrgir fyrir uppeldishlutverki hreyfingarinnar.

Gilwell-leiðtogapjálfuninni er ætlað að byggja ofan á reynslu þátttakenda og gera þeim kleift að marka sér stefnu og setja sér markmið til enn frekari þroska, átaka og sigra í skátastarfi og í lífinu yfirleitt.

Í Gilwell-leiðtogapjálfuninni fá þátttakendur innsýn í hlutverk fullorðinna sjálfboðaliða í skátastarfi og öðlast þekkingu og færni til að leiða starfið og þar með leggja sitt af mörkum til betra samfélags. Þjálfunin hjálpar þeim við að takast á við þau störf sem þeir hafa kosið sér. Hún veitir þátttakendum líka tækifæri til að efla leiðtogahæfni sína almennt, en það veitir einstaklingum aukið sjálfstraust og nýttist bæði beint og óbeint í einka- og fjölskyldulífi og á vettvangi atvinnulífsins. Gilwell-leiðtogapjálfunin er persónuleg vegferð hins fullorðna skáta til að halda áfram að þroskast og eflast í lífi og starfi.

Í hópum fullorðinna skáta er líka að finna fólk sem gaman er að deila geði við, vaxa með og þroskast af skemmtilegri glímu við margs konar viðfangsefni sem svo augljóslega gagnast ungu fólki á þroskaleið þeirra til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir samfélagsþegnar.

Það er sameiginlegt viðfangsefni allra sem leggja af stað í þessa vegferð að vaxa og þroskast sem manneskjur í samvinnu við aðra sem eru á sömu leið. Góður leiðtogi er ekki sá sem stjórnar eða leiðir aðra með skipunum. Góður leiðtogi getur unnið í teymi með öðrum og laðað fram það besta bæði hjá einstaklingum og hópum – og góður leiðtogi er einnig „leiðtogi í eigin lífi“.

Stefnt er að því að sem allra flestir fullorðnir sjálfboðaliðar í skátastarfi ljúki fyrri hluta Gilwell-leiðtogapjálfunar og helst bæði fyrri og seinni hluta. Þeir sem ljúka Gilwell-leiðtogapjálfun fá viðurkenningarskjal og alþjóðleg Gilwell-einkenni því til staðfestingar.

Gilwell-leiðtogapjálfunin er byggð á sömu grundvallarforsendum og samsvarandi þjálfun um allan heim þar sem skátahreyfingin starfar. Hún á rætur aftur til 1919 þegar fyrsta Gilwell-námskeiðið var haldið fyrir skátafóringja í Gilwell Park í London. Nafn leiðtogapjálfunar skátahreyfingarinnar, „Gilwell-leiðtogapjálfun“ eða „Wood badge“, tengist alþjóðlegum uppruna og er í samræmi við sams konar þjálfun um allan heim.

Stefnt er að því að koma á skipulegu gæðamati á starfi Gilwell-skólans. Matið taki til undirbúnings og framkvæmdar á öllum verkþáttum í starfi skólans; stjórnarsýslu, námskrám, námskeiðum, námsefni, leiðsögn o.s.frv. Stjórnendur, leiðbeinendur, þátttakendur og utanaðkomandi sérfræðingar komi að matinu eftir því sem við á hverju sinni. Stefnt er að að því að fá EQM gæðavottun á starfi Gilwell-skólans á Íslandi.

Evrópska gæðamerkið - EQM

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili EQM á Íslandi. **EQM** stendur fyrir **European Quality Mark** eða **Evrópska gæðamerkið** og er gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum.

EQM er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi náms og sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. EQM tekur mið af:

- gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir,
- innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila,

- hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

EQM byggist á sjálfsmati sem er yfirfarið af EQM viðurkenndum úttektaraðila sem kemur einnig með ábendingar um gæðamál og umbætur meðan á úttektarferlinu stendur. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur gert samning við BSI á Íslandi um að vera úttektaraðili EQM.



Hver er ávinningur EQM vottunar?

Fyrir fræðsluaðila á vettvangi framhaldsfræðslunnar á Íslandi getur EQM vottun verið liður í því að fá viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem viðurkenndur fræðsluaðili sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011.

Með EQM vottuninni er verið að mæta þörfum fyrir aukið gegnsæi og gæðavottun í símenntun og fullorðinsfræðslu. Hún mun gagnast öllum þeim sem skipuleggja, bjóða upp á, meta og nota símenntun og fullorðinsfræðslu. Þar á meðal vinnuveitendum, fræðslusjóðum stéttarfélaganna, fræðsluaðilum og síðast en ekki síst námsmönnum sjálfum sem sækjast eftir því að þjónustan uppfylli þeirra eigin kröfur og væntingar um gæði.

Fræðsluaðili sem hlotið hefur EQM vottun fær leyfi til að nota EQM gæðamerkið í efni sem dreift er til að vekja athygli á þeirri starfsemi sem lýst er á vottunarskírteini.

Ávinningur gæðavottunar er þó fyrst og fremst aukin gæðavitund sem eflir fræðslustarfsemina. Þess vegna er öllum fræðsluaðilum heimilt að nýta EQM verkfærin til sjálfsmats og eflingu gæða. Óski fræðsluaðili eftir EQM vottun þarf að sækja um það til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á sérstöku eyðublaði.

Þá er stefnt að því að vinna skipulega að því að fá opinbera viðurkenningu stofnana innan og utan hins formlega skólakerfis á leiðtogaþjálfun við Gilwell-skólann – þar á meðal viðurkenningu stéttarfélaganna og fagfélaganna. EQM gæðavottun er liður í slíkri viðurkenningu.

Gilwell-grunnþjálfun

Þó að allir sem ljúka Gilwell-leiðtogaþjálfun fái sömu grunnsýn í hugmynda- og aðferðafræði skátahreyfingarinnar býðst hverjum og einum að velja um tvær námsleiðir, aðra fyrir þá sem vilja starfa sem sveitarfóringjar eða aðstoðarsveitarfóringjar með skátum á aldrinum 7 til 22 ára og hina fyrir þá sem hafa áhuga á að vinna skátahreyfingunni gagn með því að vinna ýmis stjórnunarstörf innan skátafélags eða á sameiginlegum vettvangi skátastarfs, t.d. á vegum Bandalags íslenskra skáta. Þessar tvær námsbrautir eru kallaðar *sveitarfóringjaleið* og *stjórnunarleið*. Þau sem velja sveitarfóringjaleiðina geta að sjálfsögðu valið sér tiltekið aldursstig til að vinna með, t.d. dreka-, fálka-, drótt-, rekka- eða róverskáta. Báðar leiðirnar eru jafngildar sem Gilwell-leiðtogaþjálfun og þeir sem ljúka þeim á fullnægjandi hátt fá Gilwell-einkennin.

Gilwell-grunnþjálfunin samanstendur af tveimur hlutum og fimm „skrefum“:

- **Fyrri hluti (skref 1 og 2)** er fólgin í tveimur dagslögum námskeiðum um starfsgrunn skáta, markmið og leiðir í skátastarfi. Þátttakendur fá Gilwell-hnúttinn að loknum fyrri hluta.

- **Seinni hluti (skref 3-5)** samanstendur af tveimur dagslögum námskeiðum um verkefni í skátastarfi, áætlanagerð, skipulagningu skátastarfs eða viðburðastjórnun og fimmta skrefinu sem er helgarnámskeið og fjallar um leiðtogafræði, sjálfsmynd, sjálfsmat og sjálfsefningu leiðtogans. Brautskráning fer almennt fram við lok 5. skrefs með afhendingu skírteina og Gilwell-einkenna, þ.e. leðurreim með tveimur „skógarperlum“ og Gilwell-klúttinn sem er einkenni alþjóðlegu Gilwell-sveitarinnar.

Nánar er fjallað um Gilwell-grunnþjálfun í námskrá og leiðarbók Gilwell-skáta: *Gilwell-leiðtogaþjálfun: Persónuleg vegferð sveitarforingja og annarra leiðtoga í skátastarfi*, 2. útgáfa, janúar 2014.

Stefnt er að því að bjóða námskeið fyrir hvert „skref“ að minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Því er beint til þátttakenda að ljúka fyrri hlutanum helst innan sex mánaða og öllum fimm skrefunum innan 12-18 mánaða. Gert er ráð fyrir að þeir sem ljúka Gilwell-leiðtogaþjálfun og bera Gilwell-einkennin hafi lokið námskeiði í „fyrstu hjálp“ frá viðurkenndum aðila auk námskeiðs um „einelti, ofbeldi og barnavernd“.

Boðið er upp á raunfærnimat í samráði við þátttakendur. Stefnt er að því að sem allra flestir fullorðnir sjálfboðaliðar í skátastarfi ljúki Gilwell-leiðtogaþjálfun.

Framhaldsþjálfun og símenntun

Á vegum Gilwell-skólans er líka boðin framhaldsþjálfun og endurmenntun á ýmsum sviðum sem að gagni geta komið við ýmis konar leiðtogastörf innan skátahreifyngarinnar og utan. Með því að ljúka á fullnægjandi hátt nokkrum framhaldsnámskeiðum samkvæmt persónulegri áætlun og starfssamningi fær viðkomandi Gilwell-skáti þriðju og jafnvel fjórðu „skógarperluna“ og þar með aðild að Gilwell-teyminu sem er ábyrgt fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfuninni.

Dæmi um framhaldsnámskeið og vinnusmiðjur:

<ul style="list-style-type: none"> • Viðburða- og verkefnastjórnun • Mannauðstjórnun • Skipulagning náms og kennslu • Störf leiðbeinenda, ráðgjafa og umræðustjórnenda (lóðsa) • Samskipti og lausn ágreiningsmála • Starfsgrunnur skáta: Reynslunám og skátastarf 	<ul style="list-style-type: none"> • Rekstur og rekstraráætlanir • Fjölmennning í íslensku samfélagi • Börn og unglingar með sérþarfir • Einelti, ofbeldi og barnavernd • Saga og þróun skátastarfs í heila öld • Skátahreifyngin er alþjóðleg friðarhreifyng • ...
--	--

Flest framhaldsnámskeið eru 16 stundir og oft skipt á tvo heila daga eða fjögur kvöld auk ígrundunarverkefna.

Gilwell-teymið

Gilwell-teymið er stór hópur reyndra sjálfboðaliða í skátastarfi með fjölbreytilega sérþekkingu. Einstaklingar og minni hópar innan Gilwell-teymisins taka svo að sér afmörkuð verkefni til tiltekins tíma samkvæmt sérstöku tímabundnu samkomulagi hverju sinni. Verkefni geta tengst stjórnun og leiðbeinendastörfum, kynninga- og ráðgjafastörfum, umsjón og þróun fjarnáms á internetinu, raunfærnimati o.s.frv. Gilwell-skólinn vill vera meðal brautryðjenda og helst til fyrirmyndar innan skátahreyfingarinnar um faglegt skipulag mannauðsstjórnunar sjálfboðaliða í skátastarfi.

Hlutverk Gilwell-teymisins

- Mannauðsstjórn Gilwell-teymisins
- Stjórnun og kennsla á námskeiðum í Gilwell-leiðtogaþjálfun (skref 1-5)
- Stjórnun og kennsla á námskeiðum í framhalds- og símenntun
- Tengiliðir við þátttakendur (mentorar)
- Nemendabókhald Gilwell-skólans
- Raunfærnimat
- Fjármál: Kostun og styrkir
- Kynningar og markaðssetning
- Tengsl við fyrirliða sjálfboðastarfs í skátafélögum
- Þróun og aðlögun á fjarnámskerfi á internetinu
- Gæðamat og gæðastjórnun
- Vinna að formlegri viðurkenningu á Gilwell-leiðtogaþjálfun utan skátahreyfingarinnar
- Tenging við aðrar fullorðinsfræðslustofnanir og tómstunda- og félagsmálafræði á háskólastigi

Gilwell-teymið – gæðakröfur

- Stefnt er að því að innan nokkurra ára hafi allir í Gilwell-teyminu lokið Gilwell-leiðtogaþjálfun eða ígildi hennar og að sem flestir hafi lokið framhaldsþjálfun og unnið sér rétt til að bera þrjár eða fjórar „skógarperlur“. Boðið verður upp á raunfærnimat í samráði við þátttakendur.
- Þrjár eða fjórar perlur eru fyrst og fremst merki um viðkomandi skáti sé eða hafi verið í Gilwell-teyminu.
- Skólastjóri Gilwell-skólans á Íslandi á hverjum tíma ber fimm perlur.

Þrjár „skógarperlur“ – Hvað þarf til?

- Hafa lokið Gilwell-leiðtogaþjálfun og a.m.k. tveimur Gilwell-framhaldsnámskeiðum eða ígildi þeirra.

- Hafa gert starfssamning til 2 eða 3 ára við Gilwell-skólann um skilgreind verkefni og/eða hlutverk á starfssviði sem skólinn hefur þörf fyrir og viðkomandi einstaklingur hefur sérstaka þekkingu á og reynslu af.

Fjórar „skógarperlur“ – Hvað þarf til?

- Hafa fengið þriðju „skógarperluna“ og lokið farsællega a.m.k. einu starfssamningstímabili (2 eða 3 ár) sem virkur einstaklingur í Gilwell-teyminu á sérsviði (hæfni/þekking/reynsla) hvers og eins.
- Hafa lokið a.m.k. tveimur Gilwell-framhalds-námskeiðum til viðbótar eða ígildi þeirra á sérsviði sem Gilwell-skólinn þarfnast.
- Hafa gert starfssamning við Gilwell-skólann um skilgreind stjórnunarhlutverk til 2 eða 3 ára.

Mannauðskerfi skátahreyfingarinnar á Íslandi

Mannauðskerfi skáta er eins konar gæðakerfi fyrir starf sjálfboðaliða í skátahreyfingunni. Kerfið byggir að grunni til á skýrslu WOSM „Adults in Scouting“ sem samþykkt var á 32. World Scout Conference í París 1990 og lögð var til grundvallar stefnumótun WOSM um mannauð fullorðinna skáta (World Adult Resource Policy“ á 33. World Scout Conference í Bangkok 1993 (sjá Fylgiskjal 4). Við útfærslu mannauðskerfisins er byggt á reynslu og þekkingarbrunni faglegrar mannauðsstjórnunar á Íslandi og reynslu og mannauðskerfum WOSM og skátabandalaganna í Írlandi og Englandi sem verið hafa í þróun og mótun í nærfellt 20 ár.

Í stórum dráttum má skipta mannauðsstjórnunarkerfinu í þrjú meginþætt:

- Greining og skipulag
- Laða að og ráða gott fólk
- Halda í og stuðla að þróun góðs fólks


Greiningin felst í að greina þarfir skátafélagsins eða viðkomandi einingar og að greina störfin sem þarf að sinna og hvaða eiginleika þarf til að þeim verði sem best sinnt. **Skipulagið** felst í að útbúa vandaðar starfslýsingar fyrir öll þau störf sem þarf að manna.

Að **laða að gott fólk** felst í aðferðum til að ná til þess fólks sem við þörfumst til að halda úti öflugu skátastarfi í skátafélögum landsins og í þau verkefni sem hreyfingin þarf á fólki að halda til að vaxa og dafna. Aðferðafræðin byggir jafnframt á að væntanlegir sjálfboðaliðar fái þegar í upphafi réttar upplýsingar og sameiginlegur skilningur sé um hlutverk og væntingar til sjálfboðaliðans í starfi.

Að **halda í og stuðla að þróun góðs fólks** í starfi felst í gagnkvæmu samkomulagi við viðkomandi um vel skilgreint starf með fyrirfram skilgreindu upphafi og lokum fyrirhugaðs starfstíma. Einnig að viðkomandi sé boðinn velkominn í hóp sjálfboðaliða í skipulagsheildinni og stuðlað sé að viðurkenningu hans, virkri þátttöku og samlögun við leiðtogahópinn. Tryggja þarf að sjálfboðaliðar njóti viðeigandi þjálfunar ásamt faglegum- og félagslegum stuðningi í starfi. Þannig vaxa þeir og þroskast sem „leiðtogar í eigin lífi“ í starfi fyrir skátahreyfinguna.

Síðast en ekki síst þarf sjálfboðaliðinn að fá heiðarlegt og faglegt mat á frammistöðu sína og svigrúm til að meta framhald starfsins á forsendum matsins og eigin ákvarðana.

MANNAUÐSKERFI SKÁTAHREYFINGARINNAR



Fullorðnir í skátastarfi: Stefnumörkun WOSM

(Þýðing á *Adults in Scouting: World Policy* sem gefið var út af World Scout Bureau 2011)

Ályktun World Scout Conference 11/11 - 2011

Ráðstefnan

- staðfestir ályktanir um fullorðna í skátastarfi frá fyrri alþjóðaráðstefnum skáta, 4/93, 10/05, 12/08, og 13/08,
- leggur áherslu á mikilvægi þess að samhæfa nýlega stefnumörkun og önnur meginsjónarmið samþykkt af WOSM eins og „Gender policy“, „Child protection“, „Reaching out“ o.s.frv.,
- leggur áherslu á það lykilhlutverk sem fullorðnir sinna til að styðja við vöxt og eflingu skátahreyfingarinnar,
- lýsir yfir ánægju vegna þeirrar áherslu sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt á hlutverk sjálfbóðaliða á tíu ára afmæli „árs sjálfbóðaliða“ á árinu 2011,
- lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem „World Scout Committee“ og „World Scout Bureau“ hafa lagt í endurskoðun og endurnýjun á stefnumörkun um fullorðna í skátastarfi („World Adult Resources Policy“),
- staðfestir að stefnumörkun um fullorðna í skátastarfi („Adults in Scouting“) frá 1990 er gagnleg við umsjón bæði með fullorðnum sjálfbóðaliðum og atvinnufólki í skátastarfi,
- samþykkir „World Adults in Scouting Policy“ sem stefnumótun fyrir WOSM varðandi nýliðun (acquisition), viðhald (retention), þjálfun (training), persónulegs þroska (personal development) og félagslegan ramma og umsjón (management) fullorðinna innan skátahreyfingarinnar,
- samþykkir að reglum um nýliðun (recruitment) fullorðinna skáta, skipanir í störf eða embætti (appointment), stuðning (support), þjálfun (training) og viðhald (retention) samkvæmt eldri ályktunum er nú breytt með gildistöku „the World Adults in Scouting Policy“,
- óskar eftir því að einstök skátabandalög komi í framkvæmd ákvæðum „the World Adults in Scouting Policy“,
- gefur „World Scout Committee“ fyrirmæli um að gefa út og dreifa leiðbeiningum sem styðja við framkvæmd „the World Adults in Scouting Policy“, ásamt ramma um Gilwell-þjálfun („Wood Badge Training“) og reglum um ráðningu atvinnuskáta í samræmi við þessa ályktun eins fljótt og kostur er eftir að ráðstefnunni lýkur.

(„39. World Scout Conference“ í Curitiba í Brasilíu 2011)

Skilgreiningar:

Fullorðnir í skátastarfi (Adults in Scouting): Er skipulag mannauðsumsjónar með fullorðnum skátum í þeim tilgangi að bæta árangur, auka áhuga og þátttöku leiðtoga skátahreyfingarinnar og betrubæta forystu hennar til að efla skátastarf fyrir ungt fólk og skapa árangursríkari og afkastameiri samtök.

Fullorðnir, leiðtogar fullorðinna, leiðtogar (Adults, Leaders of adults, Leaders): Aðallega sjálfbóðaliðar (aðeins í undantekningartilvikum eru skátaforingjar launaðir) sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd skátastarfs fyrir börn og ungmenni; eða eru ábyrgir fyrir stuðningi við aðra fullorðna; eða eru ábyrgir fyrir stuðningi við skipulag og formgerð samtakanna.

Ungir skátaforingjar (Youth Leaders): Eru ungir skátarforingjar (lágmark 18 ára) sem leiða skátastarf fyrir yngra aldurstig, aðstoða eldri skátaforingja eða styðja á annan hátt við skipulag og formgerð samtakanna. Í slíkum tilvikum er hlutverk þeirra tengt þeirri stöðu sem ungt fólk hefur verið skipað í af samtökunum. Foringjar róverskáta falla ekki undir þessa skilgreiningu. Hafi þeir hins vegar aðra stöðu, eins og nefnt er hér fyrir ofan, geta þeir verið „ungir skátaforingjar“.

Sjálfbóðaliðar (Volunteers): Er fólk sem tekur þátt í alls konar verkefnum án þess að fá greidd laun fyrir (jafnvel þó að greiðsla fari fram fyrir útlögðum kostnaði). Slík þátttaka er algjörlega ákveðin af viðkomandi einstaklingi. Afrakstur sjálfbóðaliðastarfs er allur í þágu annarra en sjálfbóðaliðans (þó að augjóst sé að sjálfbóðaliðinn öðlist líka ánægju og læri heilmikið af eigin þátttöku).

Launað starfsfólk (Professionals): Er fólk sem ráðið er til sérstakra verkefna til stuðnings við skátastarf. Þessir einstaklingar geta verið skátaforingjar (í þeirri merkingu að vera „vígðir“ skátar) eða ekki. Hvort heldur sem er - þá starfa þeir fyrir formleg samtök innan skátahreyfingarinnar.

1. Kynning

Árið 1990 ákvað heimsþing skáta („World Scout Conference“) að marka stefnu um „fullorðna í skátastarfi“ og árið 1993 var formlega samþykkt stefna, „World Adult Resources Policy“, með það meginmarkmið að styðja við „fullorðna í skátastarfi“ með skipulagðri „dagskrá“ og „mannauðsumsjón“.

Skátabandalög í einstökum löndum hafa svo frá 1993 tekið upp og komið í framkvæmd (að meira eða minna leyti) þessari formlegu stefnu þó að ýmsir erfiðleikar hafi komið upp vegna menningarlegra árekstra og tungumálaörðugleika. Þær breytingar á stefnuskjalinu, „World Adult Resources Policy“, sem hafa verið lagðar fram styrkja megintilgang stefnunnar, sem er að styðja fullorðna skáta með þjálfun, hvatningu og viðvarandi styrkingu og uppbyggingu á kerfi sem eflir þátttöku fullorðinna.

Þetta nýja stefnuskjal, sem nefnt er „Adults in Scouting Policy“ (og kemur í staðinn fyrir „World Adult Resources Policy“ frá 1993), er heildstætt og felur í sér inntak tengdra stefnuskjala WOSM, hvetur til teymisnálgunar (team approach) til að styðja við fullorðna og byggir á lögmálum um „samtök sem læra og þroskast“ (learning organisations). Unnt er að nota þetta nýja stefnuskjal, „The Adults in Scouting Policy“, líka sem ramma til að stjórna launuðu starfsfólki í skátastarfi.

2. Nýliðun fullorðinna

„Adults in Scouting“ (1990) staðfestir þau skilyrði og þær reglur sem samþykktar hafa verið af WOSM um *nýliðun, þjálfun, persónulegan þroska og umsjón* með fullorðnum sem eru nauðsynlegar til að vinna að meginmarkmiðum skátahreyfingarinnar.

Þessi skilyrði og reglur eru svo meginuppistaðan í þessu stefnuskjali, „The Adults in Scouting Policy“ (2011), sem marka einstökum skátabandalögum og öðrum stofnunum skátahreyfingarinnar ramma og ábyrgð.

Til þess að vinna að meginmarkmiðum skátahreyfingarinnar þarf hvert skátabandalag að búa yfir þeirri forystu fullorðinna sem nauðsynleg er á hverjum stað til að sinna skátastarfinu og til að standa fyrir kröftugu umbótastarfi. Til þess að byggja upp og viðhalda þeim hópi af

fullorðnum sem þarf til að standa undir þessu verki, bæði meginlega og eigindlega, verða einstök skátabandalög að hafa skýra mynd af eigin þörfum og markvissa stefnu um nýliðun. Meginmarkmið skátahreyfingarinnar er uppeldi barna og ungmenna. Þess vegna þarf forysta hreyfingarinnar líka að hafa ungt fullorðið fólk í ábyrgðarstöðum.

Skátastarf á að vera vettvangur fyrir uppbyggingarstarf og sameiginlega ábyrgð bæði karla og kvenna. Þetta þýðir að hvert skátabandalag þarf að íhuga kynjajafnvægi ásamt félagslegu og menningarlegu jafnræði. Hvert skátabandalag er hvatt til að gæta jafnræðis við nýliðun til að jafna hlut kynjanna þegar og þar sem ójafnvægi ríkir.

Sérstaka áherslu verður að leggja á að auka fjölbreytni fullorðinna leiðtoga skátahreyfingarinnar og reyna eftir megni að ná til ólíkra þjóðfélagshópa í samræmi við forgangsaðherslur WOSM.

2.1 Þarfagreining

Hvert skátabandalag þarf að semja heildarlista yfir verkefni/stöður og nauðsynlegar hæfniskröfur fyrir sjálfboðaliða til að sinna þeim (þó að launað starfsfólk geti sinnt afmörkuðum viðfangsefnum). Þessi greining þarf að taka bæði til fastra viðfangsefna og skammtíma verkefna.

Síðan þarf að bera þennan lista saman við raunverulega stöðu mála (lausar stöður, tilflutning, uppsagnir) og að teknu tilliti til framtíðaráforma um vöxt er unnt að meta þörfina fyrir nýliðun fullorðinna til lengri og skemmri tíma.

Stutt skammtímaverkefni (eða vinnuskiptaverkefni) er unnt að bjóða fullorðnum einstaklingum sem vilja styðja við skátahreyfinguna á afmörkuðum sviðum. Með þessu móti er unnt að koma til móts við þá sem hafa ekki mikinn tíma til að sinna sjálfboðaliðastörfum eða að fá einstaklinga sem myndu ekki við venjulegar aðstæður leggja eitthvað af mörkum í þágu skátahreyfingarinnar. Þeir fullorðnu þurfa að tilheyra skilgreindum hópi og í því samhengi þarf hugsanlega að sýna ákveðinn sveigjanleika.

2.2 Nýliðun

Skátabandalögum er alvarlega bent á að hafa frumkvæði og taka upp skipulegt kerfi við nýliðun fullorðinna. Þessi nýliðun ætti að vera tengd ákveðnum starfslýsingum sem skilgreind eru á grundvelli ákveðinna verkefna sem unnt er að leysa af afmörkuðu teymi af fullorðnum sjálfboðaliðum. Það er mikilvægt að skátabandalög eða skátafélög leiti til fólks með jákvæð viðhorf og afstöðu – tiltekna þekkingu og færni sem tengist beint viðkomandi verkefni getur fólk auðveldlega aflað sér.

Að sjálfsögðu verður nýliðunaráætlunin að taka tillit til þess að fólk er ólíkt. Gæta þarf þess að beita sérstökum aðferðum við að ná til afmarkaðra hópa, t.d. minnihlutahópa, en líka að svara væntingum og höfða til áhuga hinna fullorðnu.

Það er ætlun WOSM að hjálpa ungu fólk að efla hæfileika sína með hjálp „skátaaðferðarinnar“ og skapa aðstæður þar sem unnt er að vinna skátaverkefni á öruggan og virðingarverðan hátt og án aðgreiningar. Þess vegna er lykilatriði við nýliðun fullorðinna í skátabandalögum og skátafélögum að tryggja að einungis hæft fólk veljist til starfa. Skátabandalögum og skátafélögum er alvarlega bent á að setja vinnureglur um nýliðun og val á fullorðnum einstaklingum til starfa fyrir skátahreyfinguna. Þetta krefst þess að leita þarf eftir trúnaðarupplýsingum um einstaklinga og gæta þeirra í samræmi við þær reglur sem krafist er að fylgt sé í slíkum tilvikum. Fullorðinn manni, karl eða konu, sem óskar eftir að starfa innan skátahreyfingarinnar á að biðja um meðmæli frá virtum einstaklingum í

viðkomandi samélagi og að minnst kosti einum þekktum einstaklingi utan skátahreyfingarinnar.

En einstök skátabandalög þurfa líka að viðurkenna formlega rétt fullorðinna. Það skiptir afar miklu máli að fullorðnir einstaklingar sem hafa í skátastarfi samskipti við börn og unglinga fái viðeigandi fræðslu og þjálfun þannig að þeir geti forðast að lenda í aðstæðum sem gætu leitt til klögumála eða ásakanna um óviðeigandi hegðun eða framkomu. Það er á ábyrgð hvers skátabandalags og skátafélags að skapa góðar og viðeigandi aðstæður fyrir skátastarf þar sem fullorðnir geta sinnt hlutverkum sínum sem uppalendur og leiðbeinendur á eðlilegan hátt, hvort sem þeir eru sjálfbóðaliðar eða launaðir starfsmenn.

2.3 Gagnkvæmt samkomulag

Stefnumörkun WOSM um fullorðna í skátastarfi („The World Adults in Scouting Policy“) gerir skýrar kröfur um formlegt samkomulag skátabandalags og hvers einstaks fullorðins leiðtoga í skátastarfi um bæði tímamörk og gagnkvæmar skuldbindingar.

Slíkt samkomulag gefur hverju skátabandalagi tækifæri til að útskýra eigin stefnu og þær reglur sem allir verða að starfa samkvæmt.

Hvert skátabandalag þarf að gæta þess að umrætt samkomulag sé gagnkvæmt þannig að það sé alveg skýrt hvað viðkomandi sjálfbóðaliði getur gert fyrir skátahreyfinguna og hvað skátahreyfingin getur gert fyrir einstaklinginn. Það góða við slíkt gagnkvæmt samkomulag er að það setur ákveðin mörk varðandi framlag, væntingar, þjálfun og stuðning og skapar aðstæður fyrir endurskoðun í framtíðinni.

Hvert skátabandalag fyrir sig þarf að ganga frá skriflegum reglum og texta sem á við í slíkum tilvikum og gera formlegt samkomulag við alla sem í hlut eiga.

2.4 Skipanir og ráðningar

Hvert skátabandalag fyrir sig ber alla ábyrgð á tilnefningum og skipunum fullorðinna skátaforingja og annarra fullorðinna leiðtoga samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Einingis ábyrgir fulltrúar skátabandalags eða skátafélags hafa heimild til að skipa fullorðinn einstakling í tiltekið hlutverk innan hreyfingarinnar.
- Engin ráðning eða skipun í hlutverk er gerð nema á grundvelli gagnkvæms samkomulags skátabandalags eða skátafélags og þess einstaklings sem í hlut á.
- Hver skipun eða ráðning er einungis gerð til fyrirfram ákveðins tíma.

Öll skilyrði sem tengjast ákvörðunum um framtíð þess sem skipaður er eða ráðinn, t.d. endurráðning eða áframhaldandi skipun, skulu vera staðfest skriflega. Skátabandalög eða skátafélög eru eindregið hvött til að skrá alla félag, fullorðna eins og börn og unglinga.

3. Þjálfun, stuðningur við fullorðna og persónulegur þroski

Hvert skátabandalag er ábyrgt fyrir að skipuleggja og reka kerfi til að fræða og þjálfna fullorðna í skátastarfi, sama hvaða hlutverkum eða aldarsstigum þeir sinna. Fræðslu- og þjálfunarkerfið þarf að geta mætt þörfum og aðstæðum allra fullorðinna og taka tillit til ólíkra einstaklinga í fjölgreindu samfélagi.

Fræðslu- og þjálfunarkerfið:

- Felur í sér innleiðingu og samþættingu nýrra fullorðinna, formlega fræðslu, óformlega símenntun, þjálfun og stuðning allan tímann sem viðkomandi starfar fyrir skátahreyfinguna.
- Miðlar ekki einungis þeirri þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að geta sinnt viðkomandi verkefni - heldur skapar líka aðstæður fyrir hvern fullorðinn einstakling til að þroskast persónulega.
- Er sveigjanlegt og tekur tillit til fyrri reynslu, þekkingar og færni hvers einstaklings.
- Býður einstaklingum tækifæri til viðbótarþjálfunar á afmörkuðum sviðum til þess að auðvelda viðkomandi að flytjast frá einu starfi til annars.

Persónulegur þroski fullorðinna einstaklinga er viðurkenndur þáttur í þeirri þjálfun sem skátahreyfinginn veitir leiðtogum í skátastarfi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á sveigjanleika fræðslukerfisins og þeirrar þjálfunar sem veitt er.

3.1 Innleiðing, samþætting og stuðningur við nýja fullorðna í skátastarfi

Stefnumörkun WOSM um fullorðna í skátastarfi („The World Adults in Scouting Policy“) gerir kröfu um sérstakt innleiðingar- og samþættingartímabil fyrir nýja fullorðna í skátastarfi sem gefur þeim tækifæri og aðstæður til að skilja þá ábyrgð sem er samfara hlutverki þeirra og þörfina fyrir leiðtogabjálfun. Þetta felur líka í sér mikilvægi þess að viðkomandi fái þjálfun í tæknilegum útfærsluatriðum sem eru nauðsynlegur hluti af hverju starfi fyrir sig.

3.2 Þjálfun

Tilgangurinn með þeirri þjálfun sem boðin er fullorðnum í skátastarfi er að láta þeim í té „verkfæri“ svo þeir geti lagt af mörkum marktækt framlag við það uppeldisstarf sem er megin viðfangsefni skátahreyfingarinnar. Þjálfunina þarf að tengja öllum þáttum skátastarfs og aðlaga að námsþörfum, reynslu og aðstæðum hvers fullorðins einstaklings. Líta þarf á þjálfun hvers og eins sem „endalaust“ ferli. Samskipti við samstarfsfólk og samvinna á vettvangi skátastarfs verður hluti á námsferlinu. Einstök skátabandalög eru hvött til að koma á fót kerfi sem styður við, metur og viðurkennir formlega óformlegt nám sem byggist á reynslu hvers og eins.

3.3 Þjálfunarkerfi

Hvert einstakt skátabandalag þarf að byggja upp þjálfunarkerfi fyrir öll hlutverk sem fullorðnir í skátastarfi sinna. Slíkt þjálfunarkerfi þarf að ná til allra þeirra hæfnisþátta sem nauðsynlegt er hafa vald á og sérlega mikilvægt er að þjálfunin styðji við persónulegan þroska þátttakenda. Þjálfunarkerfið sjálf þarf að nota sem tæki til að safna þekkingu og reynslu frá öllum leiðtogum á ólíkum sviðum í þeim tilgangi að efla og dýpka sameiginlega þekkingu og hæfni heildarinnar. Að lokum er mikilvægt að þjálfunarkerfið, alveg eins og öll virk námssamfélög (learning organisations), leggi ekki bara áherslu á „innri“ þarfir hreyfingarinnar heldur viðurkenni líka og bregðist við breytingum í nærsamfélaginu og þróun í umhverfinu almennt. Slík nálgun hjálpar skátabandalögum að móta raunverulega vaxtar- og umbótastefnu.

Leiðtogabjálfun skátahreyfingarinnar verður að vera sveigjanleg og aðgengileg fyrir alla sem eftir henni leita – hvað snertir tíðni námskeiða, staðsetningar og inntökuskilyrði. Slíkt krefst hugsanlega þess að þjálfunin verði í boði á fleiri stöðum en áður og ljóst er að þörf verður fyrir miklu fleiri þátttakendum, þar á meðal unga fullorðna sem geta deilt með öðrum reynslu sinni, þekkingu og færni.

Þau sem bera ábyrgð á skipulagningu og útfærslu á leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar hjá hverju skátabandalagi fyrir sig þurfa að skipa fræðslu- og þjálfunarteymi, skipuleggja þjálfun leiðbeinenda (training of trainers), skipuleggja framboð á fræðslu og þjálfun og skapa nauðsynlegar aðstæður og tryggja búnað eftir þörfum. Slíkt ætti að tryggja jafnari kynjadreifingu, fjölbreyttara framboð leiðbeinenda og aukin tækifæri fyrir unga fullorðna skátaforingja til að taka þátt í leiðtogaþjálfun hreyfingarinnar.

Þjálfunarkerfið verður að skoða sem spirálform (undirbúningur – framkvæmd - mat – undirbúningur - o.s.frv.) sem fólgið er í skilgreiningu á markmiðum, greiningu á námsþörfum, framkvæmd þjálfunarinnar, mati á viðbrögðum við þjálfuninni og endanlegum áhrifum þjálfunarinnar á skátastarf. Fjölgun skáta getur skoðast sem vísbending um jákvæða þróun, en þjálfun leiðtoga og skátaforingja stuðlar að betra skátastarfi.

Í hverju landi þarf að skipa einstakling eða teymi einstaklinga til að samhæfa leiðtogaþjálfun fullorðinna. Í sérstökum tilvikum getur skátabandalag gert samkomulag við aðila utan skátahreyfingarinnar um að standa fyrir þjálfun eða hluta þjálfunar – en aldrei öðruvísi en að slík þjálfun sé formlega metin og viðurkennd af viðkomandi bandalagi.

3.4 Stuðningur við fullorðna

Hver einstakur fullorðin í skátastarfi verður að fá beinan stuðning – tæknilegan, menntunarlegan, fjárhagslegan (efnislegan), siðferðilegan eða persónulegan – hvenær sem þörf krefur. Fullorðnir í skátastarfi þurfa að finna að þeir ráði vel við þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna og þeir eru ábyrgir fyrir.

Þetta þýðir að þeir þurfa að fá hvatningu, að á þá sé hlustað, að þeim sé leiðbeint og að þeir fái nauðsynlegan stuðning þegar þörf krefur. Þeir þurfa að fá viðurkenningu annarra fullorðinna - ekki einungis þeirra sem þeir vinna með í teymi. Á reglubundnum fundum geta þeir eftt eigin áhuga, lagfært óviðeigandi hegðun eða framkomu, breytt nálgun við lausn á verkefnum og leyst óyfirstíganlega erfiðleika með því að ræða málin við leiðbeinendur og aðra fullorðna í skátastarfi.

Einstök skátabandalög eru hvött til að leita eftir dýpri þekkingu og skilningi á sérþörfum tengdum einstökum hópum eins og t.d. minnihlutahópum eða fötluðum.

3.5 Viðurkenning á hæfni

Formleg viðurkenning á þjálfun og hæfni einstaklings er alfarið á ábyrgð hvers skátabandalags. Viðurkenningarskírteini fyrir ákveðið verkefni eða hlutverk á að gefa út á grundvelli tiltölulega nýlega sýndrar hæfni og á að gilda í ákveðinn tíma. Slíka viðurkenningu er líka hægt að skrá í sérstaka leiðarbók.

Unnt er að endurnýja slík viðurkenningarskjöl á grundvelli viðbótarverkefna og hugsanlega aukinnar hæfni, en áfram einungis miðað við tiltekin tíma.

Viðurkenning fyrir þátttöku á námskeiðum eða fyrir annars konar þjálfunarverkefni er vottuð með sérstöku skírteini eða með skráningu í leiðarbók eða tölvugrunn.

Gilwell-einkennin (Wood Badge insignia) eru veitt sem viðurkenning fyrir fullnustu skilgreindrar leiðtogaþjálfunar hvers skátabandalags.

Mælt er með því að skátabandalög noti Gilwell-einkennin (Wood Badge) fyrir formlega leiðtogaþjálfun sem vott um samhæfingu og einingu á heimsvísu.

WOSM-rammi fyrir Gilwell-þjálfun (Wood Badge) hefur verið gefinn út til leiðsagnar fyrir einstök skátabandalög.

4. Skipulag og umsjón með fullorðnum í skátastarfi

Til að tryggja hreyfanleika og sveigjanleika varðandi hlutverk og viðfangsefni mælir WOSM („The World Adults in Scouting Policy“) með stuðningi við eða stofnun samtaka og samstarfshópa (networks) fullorðinna í skátastarfi til að efla þátttöku og hugsanlega koma í staðinn fyrir það stigveldiskerfi (the hierarchical and linear system) sem hefur verið við lýði í mörgum samtökum. Slíkt skipulag leggur áherslu á samstarf um viðfangsefni (networking) fremur en stigveldiskerfi (hierarchical system); að skapa meiri sveigjanleika, fleiri tækifæri til þátttöku á öllum sviðum.

4.1 Aðgerðaáætlanir

Aðgerðaáætlanir eru reglubundinn þáttur í stjórnun skátabandalaga og skátafélaga. Þær auðvelda mat á því hvort markmiðum er náð og hvort þörf er fyrir aðlögun og breytingar.

4.2 Starfsmat og endurskipun/endurráðning

Mat á starfi og endurskipun/endurráðning er eðlilegur og reglubundinn þáttur í lífi fullorðinna í skátastarfi. Mælt er með að starfsmat fari fram á um það bil á 18 til 24 mánaða fresti. Slíkt mat á að byggja á verkum viðkomandi með sýn til framtíðar til að finna viðfangsefni sem virðir óskir og hentar best fyrir fullorðna leiðtogann og þá starfseiningu í heild sem í hlut á. Niðurstaða starfsmats er þrenns konar: Í fyrsta lagi, endurskipun/endurráðning í sama starf til tiltekins tíma; í öðru lagi, endurskipun/endurráðning í annað starf/verkefni til tiltekins tíma og í þriðja lagi, viðkomandi hættir störfum fyrir skátahreyfinguna (endanlega eða tímabundið).

Mjög er mælt með því að þeir eða þær sem sinna starfsmati fái sérstaka þjálfun og stuðning til að forðast erfiðleika og mistök. Lagt er til að slíkt starfsmat verði líka notað til að meta störf starfshópa og vinnuteyma.

4.3 Að halda í gott fólk

Til þess að byggja upp gott og árangursríkt kerfi fyrir umsjón með fullorðnum í skátastarfi þarf hvert skátabandalag að bæta aðferðir við að halda í gott fólk. Þrjú meginatriði auka lýkur á að halda í gott fólk í hópi fullorðinna í skátastarfi:

- Fullorðnir í skátastarfi þurfa að treysta viðkomandi skátabandalagi og þeim einstaklingum sem kom fram fyrir hönd þess - auk þess að finnast að þeim sjálfum er treyst.
- Fullorðnir í skátastarfi þurfa að finna til skuldbindingar (hugsanlega væntumþykju) gagnvart viðkomandi skátabandalagi eða skátafélagi.
- Fullorðnir í skátastarfi þurfa að fá tilfinningu fyrir gagnsemi og mikilvægi þess hlutverks sem þau hafa tekið að sér fyrir skátahreyfinguna.

5. Uppbygging

Mannauðsstýring fyrir fullorðna í skátastarfi krefst sérstakrar uppbyggingar á umsjónar- og þátttökukerfi á öllum starfssviðum skátahreyfingarinnar – þ.e. í hverju landi (national), í heimsálfum (regional), eins og t.d. Evrópu, og á heimsvísu (world). Slík kerfi þurfa að taka til eftirfarandi þriggja þátta til að tryggja bæði samræmis innan hreyfingarinnar og samhæfingu á öllum starfssvæðum:

- Öflunar mannauðs, með skammtíma- og langtímaáætlunum, sem víðast úr samfélaginu,
- þjálfunar og stuðnings við fullorðna út frá þörfum skátahreyfingarinnar og til að koma til móts við óskir þeirra um persónulegan þroska,
- ákvarðanatöku með langtíma framtíðarsýn.

Í samræmi við stefnumótun WOSM er mikilvægt að ungir fullorðnir komi að fyrrgreindum verkefnum. Í sumum tilvikum þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja jafna þátttöku kynjanna; hvetja þarf konur til að taka þátt í þessari uppbyggingu. Þegar fólk með sérþarfir eða úr minnihlutahópum eru þátttakendur í skátastarfi þarf að sjá til þess að það fái kost á að deila ábyrgð.

5.1 Uppbygging á vettvangi hvers lands fyrir sig (National level)

Það er á valdi hvers skátabandalags að skilgreina hvernig best er að byggja upp þátttöku fullorðinna skáta og umsjón með fullorðnum í skátastarfi – með tilliti til sérstakra aðstæðna, þarfa og mögulegra bjarga í hverju landi. Uppbygging í hverju landi þarf þó alltaf að samhæfa *nýliðun*, *þjálfun* og *stuðning* við fullorðna í skátastarfi ásamt því að leggja áherslu á persónulega þroska einstaklinga, starfsmat, hvernig tekið er á ákvörðunum um framtíðarþátttöku hvers einstaklings og upplýsingagjöf til stjórnenda og ábyrgðaraðila viðkomandi skátabandalags eða skátafélags. Umsjónarkerfi fyrir fullorðna í skátastarfi verður að hafa formlega tengingu við þá sem eru ábyrgir fyrir skátastarfi barna og unglunga (Youth Programme) – (t.d. gæti fulltrúi starfsráðs fyrir skátastarf barna og unglunga verið áheyrnarfulltrúi í starfsráði fyrir fullorðna í skátastarfi og öfugt).

Mögulegt er innan einstakra skátabandalaga að stofna sérstakt ráð fyrir fullorðna í skátastarfi sem starfi undir framkvæmdaráði/stjórn viðkomandi bandalags.

Starfsráð sem ber ábyrgð á málefnum fullorðinna í skátastarfi þarf líka að tengjast einstökum skátafélögum og hópum/félögum fullorðinna skáta ásamt því starfsfólki viðkomandi bandalags sem fer með málefni fullorðinna. Tryggja þarf líka tengingar þeirra sem eru ábyrgir fyrir skátastarfi barna og unglunga og hinna sem fara með fræðslu- og þjálfunarmál ásamt þeim sem bera ábyrgð á nýliðun og almennri stjórnarsýslu.

5.2 Uppbygging á vettvangi hvers heimssvæðis (Regional level)

Það er á valdi hvers heimssvæðis (region) innan WOSM að skilgreina uppbyggingu á málefnum fullorðinna í skátastarfi á grundvelli aðstæðna, þarfa og mögulegra bjarga á hverju svæði.

Stefnumörkun WOSM („The World Adults in Scouting Policy“) mælir með að á hverju heimssvæði verði komið á fót sérstökum starfshópi (network) sem fjalli um málefni fullorðinna í skátastarfi. Til þess að styðja og efla slíkan starfshóp væri t.d. unnt að gera eftirfarandi:

- „Regional Scout Committee“ á hverju heimssvæði fyrir sig gæti skipað „Regional Adults in Scouting Network Coordinator“.
- Stofna til „Regional Adults in Scouting Network subcommittee“ á svipaðan hátt og í hverju landi fyrir sig.
- Skátaping einstakra heimssvæða styðja „World Scout Bureau’s Regional Office“ með samstarfi á sviði fullorðinna í skátastarfi.

Það er líka mælt með og hvatt til að tengja vinnu starfshóps (network) á þessu sviði við samsvarandi starfshóp (network) á sviði skátastarfs fyrir börn og unglinga.

Hvað sem líður uppbyggingu á einstökum heimssvæðum um málefni fullorðinna í skátastarfi er mikilvægt að tryggja sterk tengsl svæðisins við skátabandalög í einstökum löndum annars vegar og við heimshreyfinguna hins vegar.

5.2 Uppbygging á vettvangi alls heimsins (World level)

Þessi formlega stefnumörkun WOSM („The World Adults in Scouting Policy“) er nú til viðmiðunar fyrir „the Educational Methods Committee“ sem er undirnefnd „World Scout Committee“.

„The Educational Methods Committee“ er hvatt til að stofna til samvinnu við starfshópa (networks) og vinnuhópa til að móta leiðbeiningar og stuðningsefni sem tengjast málefnum fullorðinna í skátastarfi.

„The Educational Methods Committee“ er hvött til að vinna með heimssvæðum (Regions), m.a. varðandi gagnkvæma dreifingu á upplýsingum, gagnvirka aðstoð við mannauðsstýringu fullorðinna í skátastarfi, samskipti um hugmyndir og nýjar útfærslur ásamt lausnum á viðkvæmum menningarbundnum og svæðatengdum málefnum.

6. Niðurlag

„The Educational Methods Committee“ hefur þegar og mun í framtíðinni móta frekar og gefa út leiðbeiningar varðandi málefni sem tengd eru fullorðnum í skátastarfi.

Til þess að vinna í samræmi við grundvallarsjónarmið hreyfingarinnar verður þessi stefnumörkun um málefni fullorðinna í skátastarfi endurskoðuð reglubundið og breytt þegar þörf krefur.

Alheimsráðstefnu skáta („The World Scout Conference“) verður haldið upplýstri um áframhaldandi þróun mála og nánari útfærslu þessarar stefnumörkunar.

WOSM-rammi fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfun

(Þýðing á WOSM's Woodbadge Framework sem var gefið út af World Scout Bureau í mars 2012)

1. Inngangur

Tilgangur WOSM með því að gefa út ramma fyrir Gilwell-þjálfun er að stuðla að auknum gæðum og eflingu skátastarfs með viðvarandi umbótum á leiðtogaþjálfun fyrir fullorðna einstaklinga sem tengjast skátahreyfingunni og að efla samstöðu þeirra og samheldni. Áratuga löng saga leiðtogaþjálfunar skátahreyfingarinnar staðfestir að bæði þessi markmið eru réttmæt (sjá fylgiskjal um sögulegt yfirlit Gilwell-þjálfunarinnar).

Almenn viðurkenning á gæðum Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar hefur líka jákvæð áhrif á mynd skátastarfs út á við.

Þörfin fyrir skýra skilgreiningu og/eða formlegan ramma fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfunina („Wood Badge Training“) og viljinn til að viðhalda og efla gæði þjálfunarinnar var skjalfestur á 38. Alheimsráðstefnu skáta („World Scout Conference“) sem var haldin í Kóreu árið 2008.

Ályktun World Scout Conference 13/08 - 2008

Með hliðsjón af áherslum um *mannauð fullorðinna skáta* sem samþykktar voru með „*World Adult Resources Policy*“ árið 1993, þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þjálfunar við stýringu á fullorðnum mannauði hreyfingarinnar til að ná markmiðum hennar og áréttað mikilvægi þess að öðlast viðurkenningu aðila utan skátahreyfingarinnar á leiðtogaþjálfun okkar:

Leggur ráðstefnan til við „*World Scout Committee*“ og „*World Scout Bureau*“ að:

- Gerð verði úttekt á þeirri leiðtogaþjálfun sem er við líði hjá skátahreyfingunni.
- Settur verði formlegur ramma, byggður á táknrænni umgjörð *Gilwell-þjálfunarinnar (Wood Badge)* og í takti við „*World Adult Resources Policy*“, til viðmiðunar fyrir skátabandalög í einstökum löndum.
- Niðurstöður þessarar vinnu verði lagðar fyrir næsta „*World Scout Conference*“.

„*World Scout Conference*“ (WSC) og „*World Scout Bureau*“ (WSB) samþykktu að nota „*Gilwell-umgjörðina*“ (Wood Badge System) sem ramma fyrir leiðtogaþjálfun hreyfingarinnar. Gagnvirkt upplýsinga- og samskiptaferli var sett af stað til að tryggja að hugmyndir og sjónarmið hvaðanæva að úr heiminum gætu náð fram að ganga.

Með þessu móti var stofnunum alþjóðasamtakanna mögulegt að ákvarða þá lykilþætti sem ættu að einkenna uppbyggingu rammans fyrir leiðtogaþjálfun hreyfingarinnar.

Þessi almenni ramma er hvorki fullmótað þjálfunarkerfi né nákvæm fyrirmæli um þjálfun fyrir öll skátabandalög í heiminum. Hér er fyrst og fremst um að ræða ramma viðmiða og mikilvægra grunnþátta sem hlotið hafa almenna viðurkenningu innan WOSM og mælt er með að einstök skátabandalög taki til alvarlegrar skoðunar. Ramminn inniheldur þau hugtök og lykiltríði sem nauðsynlegt er að skoða við uppbyggingu eða endurskoðun á Gilwell-leiðtogaþjálfun („Wood Badge Training System“) hjá einstökum skátabandalögum.

2. Markmið

- Að styrkja einingu innan skátahreyfingarinnar með því að sameinast um tilgang, meginmarkmið og aðferðir í skátastarfi og að efla samheldni fullorðinna skáta á heimsvísu um að styðja við uppeldi ungs fólks.
- Að samræma leiðtogaþjálfun fullorðinna skáta og styðja við grundvallarþætti þjálfunarinnar: *Starfsgrunn* skátahreyfingarinnar, *forystu* (leadership), *stjórnun* (management) og *samskipti* (relationships).

3. Skilgreiningar

Gilwell-einkennin eru tákn og viðurkenning fyrir alla fullorðna skáta sem hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í Gilwell-leiðtogaþjálfuninni. Þetta merkir að Gilwell-leiðtogaþjálfun er ekki einungis fyrir þá fullorðnu skátaforingja sem vinna með börnum eða ungmönnum heldur fyrir alla fullorðna skáta sem eftir henni leita. Hvert skátabandalag fyrir sig ber ábyrgð á útfærslu viðmiða fyrir leiðtogaþjálfunina. Sá rammi sem WOSM birtir hér felur í sér eftirfarandi almenn viðmið til leiðbeiningar fyrir einstök skátabandalög:

- Gilwell-leiðtogaþjálfun þarf að ljúka formlega innan skynsamlegra tímamarka – ekki á meira en þremur árum frá því að fullorðinn skáti hefur þjálfunina og þar til henni er lokið.
- Gilwell-leiðtogaþjálfun er eins konar æðri menntun í „skátafræðum“ sem stendur fullorðnum skátum til boða. Gilwell-leiðtogaþjálfunin gerir ráð fyrir að sá sem lýkur þjálfuninni og fær Gilwell-einkennin hafi öðlast þekkingu og skilning á félagslegum, siðferðilegum og aðferðafræðilegum grunngildum skátastarfi. Slík skilyrði og mat á þess konar þekkingu og reynslu verða að vera ljós öllum fullorðnum. Sérstaka áherslu ber að leggja á inntaksþætti og tímamörk og forðast geðþóttaákvörðanir í þeim efnum.
- Gilwell-leiðtogaþjálfun byggist á námi og reynslu sem er samþætt úr fræðilegu og faglegu inntaki, greiningu og reynslu tengdri aðstæðum og ögrunum sem fullorðnir standa frammi fyrir á vettvangi skátastarfs. Vettvangstenging, þar sem reynir á útfærslu á þekkingu, færni og viðhorfum viðkomandi, í tengslum við leiðsögn og eftirlit hæfs leiðbeinanda eða ráðgjafa, er ófrávíkjanlegur þáttur Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
- Gilwell-leiðtogaþjálfun þarf að aðlaga að aðstæðum allra fullorðinna sem óska eftir slíkri þjálfun. Til þess að slíkt sé unnt verður þjálfunarferlið að vera sveigjanlegt og nægilega fjölbreytilegt. Hvern afmarkaðan þátt eða áfanga í ferlinu verður að skilgreina og meta af viðkomandi skátabandalagi í takti við eðli og umfang. Unnt er að beita ólíkum aðferðum einum sér eða samtengdum, svo sem staðbundnum námskeiðum, tölvustuddu námi, stuttum og afmörkuðum einingum (módúlum) og persónulegum einstaklingsmiðuðum samskiptum og leiðbeiningum.
- Gilwell-leiðtogaþjálfun, sama hver útfærslan er, þarf að byggjast að einhverju leyti á grundvallaratriðum „Skátaaðferðarinnar“:
 - Reynslunámi sem byggist á gagnvirkum tengslum ígrundunar og athafna.
 - Stuðningi við persónulegt nám einstaklingsins í hópnum.
 - Tengslum við náttúrulegt umhverfi.

- Jákvæðum og uppbyggjandi tengslum og samskiptum við Gilwell-leiðbeinendur.
- Táknrænni umgjörð skátastarfs almennt og Gilwell-leiðtogapjálfunarinnar sérstaklega.

4. Námssvið Gilwell-leiðtogapjálfunarinnar

Gilwell-leiðtogapjálfun verður að innhalda a.m.k. eftirfarandi fjögur námssvið:

- Grundvallaratriði í hugmynda- og aðferðafræði skátahreyfingarinnar, þ.e. markmið, gildi og „skátaaðferðina“, og hvernig „skátaaðferðin“ er aðlöguð að ólíkum aldri og þroska skátanna (aldurstigum).
- Forystu, sem felst í þekkingu, viðhorfum og færni til að taka að sér leiðtogastörf innan skátahreyfingarinnar af fullri ábyrgð.
- Stjórnun, sem felst í þekkingu, viðhorfum og færni til að taka að sér stjórnunarverkefni innan skátahreyfingarinnar, eins og t.d. að stjórna skátasveit, skátafélagi eða einstökum skátaviðburðum .
- Samskipti, í víðasta skilningi orðsins, þ.e. að geta tengst öðru fólki og viðhaldið jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum.

Við ákvörðun námsmarkmiða innan þessara námssviða þarf að taka tillit til ólíks bakgrunns þátttakenda og námsparfa þeirra auk væntinga skátahreyfingarinnar í viðkomandi skátabandalagi. Einstök skátabandalög eru hvött sérstaklega til að leita eftir stofnanalegum samstarfsaðilum til að styrkja og efla leiðtogapjálfunina á hverjum stað. Slíkt mun hafa afar mikla þýðingu við að fá meiri og víðtækari viðurkenningu samfélagsins.

5. Eftirlit og umbætur

Gilwell-leiðtogapjálfunina ætti að nálgast á sveigjanlegan og skapandi hátt og stöðugt að leita leiða til umbóta:

- Nauðsynlegt er að meta og endurskoða bæði innihald og aðferðir Gilwell-leiðtogapjálfunarinnar reglubundið. Mælt er eindregið með endurskoðun á fimm ára fresti.
- Sérstaklega er mikilvægt að meta og endurskoða Gilwell-leiðtogapjálfunina eftir hverja endurskoðun á starfsgrunni og dagskrá fyrir skátastarfið. Þegar það á við gæti verið mikilvægt að bjóða þeim fullorðnu sem vinna með yngri skátum að endurnýja þekkingu sína og hæfni.
- Einstök skátabandalög eru hvött til að beita matsaðferðum og matstækjum við mat leiðtogapjálfun fullorðinna skáta, og alveg sérstaklega Gilwell-leiðtogapjálfunina, sem tryggja bæði meginlega (quantitative) og eigindlega (qualitative) þróun skátastarfs.
- Hvert skátabandalag fyrir sig ber ábyrgð á bæði mönnun og þjálfun leiðbeinendateymis (Gilwell-teymis) til að sjá um þjálfun fullorðinna skáta og alveg sérstaklega um Gilwell-leiðtogapjálfun. Slíkt teymi ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati á Gilwell-leiðtogapjálfuninni. Gilwell-teymið er hluti af umfangi viðkomandi skátabandalags varðandi „fullorðna í skátastarfi“ og þarf líka að vinna náið með þeim sem bera ábyrgð á og stýra skátastarfi fyrir börn og unglínga.

6. Gilwell-einkennin

Samkvæmt hefð eru viðurkenningar fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfunina ferns konar:

- Leðurhálsreim með tveimur „skógarperlum“ (wood badge).
- Leðurhnútur – tvöfaldur Tyrkjahnútur (the woggle).
- Gilwell-hálsklútur.
- Gilwell viðurkenningarskjál.

Hvert skátabandalag fyrir sig ber ábyrgð á veitingu þessara Gilwell-viðurkenninga og hvernig þær eru notaðar.

7. Hlutverk

Hlutverk mismunandi aðila innan WOSM:

- Skátabandalag hvers lands ber ábyrgð á:
 - Þarfagreiningu.
 - Skipulagi, inntaki og aðstöðu.
 - Uppbyggingu kerfis og framboði á þjálfun.
 - Framkvæmd Gilwell-leiðtogaþjálfunar.
 - Mati á inntaki þjálfunarinnar, skipulagi, framkvæmd, þátttakendum og áhrifum leiðtogaþjálfunarinnar á skátastarf.
 - Námsmati og staðfestingu á þjálfunarferli hvers þátttakanda og afhendingu Gilwell-einkenna að þjálfun lokinni.
 - Skýrslugerð til WOSM um uppbyggingu Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar í viðkomandi landi ásamt breytingum og umbótum sem gerðar eru.
 - Að halda saman aðgengilegum upplýsingum um hverjir hafa lokið Gilwell-leiðtogaþjálfun í viðkomandi landi.
- WOSM Europe ber ábyrgð á:
 - Stuðningi við skátabandalag hvers lands við að taka upp, koma á fót, bæta og endurskoða leiðtogaþjálfun fyrir fullorðna skáta.
 - Finna sérfræðilega aðstoð eða gögn sem gætu orðið einstökum skátabandalögum að gagni.
 - Hvetja skátabandalög til að stofna til samstarfs og skiptast á reynslu á þessu sviði.
 - Kynna WOSM frumkvæði og áhugaverða útfærslu tiltekinna skátabandalaga á leiðtogaþjálfun sem gæti orðið öðrum til gagns.
- Alþjóðaskrifstofa WOSM ber ábyrgð á:
 - Kynningu á WOSM-ramma fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfun og endurbótum sem gerðar verða á grundvelli tillagna frá skátabandalögum.
 - Þróun og/eða samhæfingu á námsefni og stoðefni til stuðnings við skátabandalög einstakra landa.
 - Eftirliti og þróun matstækja til að meta WOSM-rammann fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfun.
 - Viðhaldi og dreifingu á upplýsingum yfir þau skátabandalög sem hafa nýtt sér WOSM-rammann fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfun.

8. Stuðningur

Skátabandalög sem vilja stofna til Gilwell-leiðtogaþjálfunar á grundvelli WOSM-rammans, eða styðjast við rammann við mat og endurskoðun á eldri Gilwell-þjálfun, geta leitað eftir tæknilegri aðstoð frá alþjóðaskrifstofu WOSM.

9. Viðurkenning Gilwell-teyma (Wood Badge Training Teams)

Um viðurkenningar allra þeirra sem hafa sérstaka þekkingu, hæfileika og reynslu til að skipuleggja, stjórna og leiðbeina við leiðtogaþjálfun fullorðinna skáta, sem hjá mörgum skátabandalögum er veitt með þremur og fjórum „skógarperlum“, verður fjallað í sérstöku riti sem tengist þessum ramma og mun koma út síðar hjá WOSM.

Gilwell-leiðtogaþjálfun er fullorðinsfræðsla

Fullorðnir eru þeir taldir sem eru 18 ára eða eldri. Um er að ræða afar fjölbreytilegan hóp fólks. Þar á meðal eru:

- Konur og karlar.
- Ungir fullorðnir og fullorðnir með langa og mikla reynslu.
- Fullorðnir sem eru námsmenn og fullorðnir sem eru „vinnandi“.
- Fullorðnir með skátareynslu frá unglingsárum og fullorðnir sem kynnast skátastarfi á fullorðinsárum.
- Fullorðnir með ólík áhugamál:
 - Einstaklingar sem vilja vinna með börnum eða ungu fólki.
 - Einstaklingar sem vilja vinna að öðrum verkefnum í þágu skátastarfs.

Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor á við Háskólann Akureyri, hefur gefið út áhugaverða bók um fullorðinsfræðslu árið 2013 (*Lífsfylling: Nám á fullorðinsárum*). Þar segir m.a. eftirfarandi um kenningar fræðimanna um nám fullorðinna:

Tilraunir til að tengja hugtök, vitneskju og niðurstöður rannsókna um nám fullorðinna hófust markvisst skömmu eftir miðja síðustu öld. Knowles (1968) skilgreindi þá nám fullorðinna, greindi það frá námi yngra fólks og setti fram hugmyndir að kennslufræði fyrir nám fullorðinna. Hann kynnti til sögunnar hugtakið „andragogy,“ en það er dregið af gríska orðinu „aner“ sem merkir maður eða karl og „agogus“ sem merkir stjórnandi eða leiðtogi. Hugtakið „andragogy“ hafði verið notað af ýmsum fræðimönnum æi Evrópu en ekki náð fótfestu sem slíkt en það á við um listina og vísindin við að styðja fullorðna til náms eða sérhverja markvissa og faglega viðurkennda leið sem miðar að breytingum á persónuleika fullorðins fólks. Hugtakið er andstæða hugtaksins „pedagogy“ sem á við um listina og vísindin við að styðja börn til náms („pedagogy“ er dregið af gríska orðinu „paid“ sem merkir barn). Pedagogy eða uppeldisfræði byggir á því að kennarinn beri fulla ábyrgð á ákvörðunum um hvað skal lært, hvenær skal læra eða hvort eitthvað skal lært. Uppeldisfræðin er kennaramiðuð og nemandinn fylgir því sem honum er sagt (Knowles, 1973; Knowles, Holton og Swanson, 2005). Hugmyndir um nám á fullorðinsárum eða „andragogy“ eru, samkvæmt Knowles:

1. *Þörfin fyrir að vita og skilja.* Fullorðið fólk hefur sterka þörf fyrir að skilja tilganginn með náminu áður en það hefst. Því þarf það að vera fyrsta verk leiðbeinanda að gera nemanda grein fyrir þörfinni fyrir að vita og skilja.
2. *Sjálfsmynd námsmannsins.* Fullorðnu fólki finnst það bera ábyrgð á eigin ákvörðunum og eigin lífi. Þegar það hefur öðlast þessa sjálfsmynd hefur það sterka sálfræðilega þörf fyrir að vera metið að verðleikum og forðast aðstæður þar sem skoðunum er þröngvað upp á það.
3. *Mikilvægi reynslunnar.* Reynsla hins fullorðna námsmanns er mikil og önnur en yngra fólks, þótt ekki væri vegna annars en að það hefur lifað lengur. Lífsreynslan, bæði hvað varðar magn og gæði, hefur margvísleg áhrif á nám fullorðinna. Í hverjum hópi

fullorðins fólks er því mikil reynsla saman komin; ólík lífsreynsla, námsvenjur, áhugahvöt, þarfir, áhugi og markmið.

4. *Viljinn til að læra*. Fullorðnir eru tilbúnir að læra það sem þeim finnst að þeir hafa þörf fyrir á hverjum tíma og finna að þeir geta tengt numið efni við líf sitt og aðstæður.
5. *Afstaða til námsins*. Fullorðnir eru fúsir til að læra það sem þeir geta tengt raunverulegum verkefnum eða vanda sem þeir standa frammi fyrir. Þeir öðlast nýja þekkingu, skilning, hæfni, gildismat og viðhorf hvað auðveldast þegar þessir þættir eru kynntir í tengslum við raunverulegar aðstæður.
6. *Áhugahvöt*. Fullorðnir verða fyrir ytri áhrifum (vilja t.d. annað starf eða hærri laun), en sterkasta áhugahvötin er hin innri áhugahvöt. Rannsóknir hafa sýnt að allt fullorðið fólk vill þroskast og dafna en ýmsir þættir koma í veg fyrir að svo geti orðið, s.s. slök sjálfsvitund, skortur á tækifærum og fjármagni, tímaskortur eða námstilboð sem byggja ekki á þörfum fullorðinna (Knowles o.fl., 2005, bls. 64-68).

Knowles segir nám fullorðinna enn fremur byggja á fimm tilgátum um hinn fullorðna sem námsmann. Hinn fullorðni:

- Hefur skýrar hugmyndir um sjálfan sig og getur stjórnað eigin námi.
- Býr yfir reynslu sem er dýrmæt undirstaða náms.
- Hefur námsþarfir sem eru nátengdar breytingum á samfélagslegri stöðu.
- Er upptekinn af því að leita lausna og hefur áhuga á að nýta þekkingu sína strax.
- Býr yfir innri, fremur en ytri, áhuga (Knowles, 1980, bls. 47).

Knowles leggur til að námskrá hins fullorðna námsmanns sé hönnuð, fram sett og metin í ljósi þessara tilgátna vegna þess að nemandinn hefur skýrar hugmyndir um sjálfan sig og reynsla hans er dýrmæt undirstaða námsins. Fyrirrennarar Knowles höfðu bent á þessa þætti. Dewey (1938) hafði lagt áherslu á tengslin á milli reynslu og menntunar og það grundvallaratrið að fólk hefði réttar hugmyndir um eigin reynslu. Hann var upptekinn af því að hefðbundin kennsla væri stýrandi, völdin væru tekin af nemandanum og slík kennsla kæmi í veg fyrir sköpunarkraft fólks. Dewey sagði enn fremur framsækna kennslu einkennast af menntun jafningja og væri sem slík sérstaklega við hæfi fullorðins námsfólks.

Knowles (1980) fullyrti upphaflega að menntun fullorðinna á jafnréttisgrundvelli byggði á fjórum forsendum:

- *Breytingum á hugmyndum um sjálfíð*. Þegar einstaklingur þroskast af sjálfsdáðum frá því að vera háður, verður hann óháður eða sjálfstæður og þar með sálfræðilega fullorðinn. Hann vill ekki vera stjórnað af öðrum og sýnir það með andstöðu eða gremju.
- *Hlutverki reynslunnar*. Þegar einstaklingur þroskast safnar hann viðtækum forða reynslu sem er uppistaða náms og getur veitt þá undirstöðu sem nám byggir á. Reynsla skapar hinn fullorðna. Þegar þessi reynsla er virt að vettugi eða vanvirt er það ekki aðeins höfnun á reynslunni sem slíkri heldur á manneskjunni sjálfri.
- *Viljanum til að læra*. Fullorðnir eru tilbúnari til að læra en þeir sem yngri eru. Þetta er ekki aðeins spurning um að „verða að læra“ heldur öllu fremur að læra það sem hinn fullorðni vill læra og skiptir viðkomandi máli.

- *Stefnumörkun í námi*. Fullorðnir hafa tilhneigingu til að leita að undirrót eða sögu ákveðins vanda eða viðfangsefnis, styrkleika, árangurs og samanburðar.

Kristín Aðalsteinsdóttir. *Lífsfylling: Nám á fullorðinsárum*. Háskólinn á Akureyri, 2013, bls. 59-61.

Fullorðnir læra öðruvísi en börn og ungmenni. „Skátaaðferðin hentar vel fyrir ungt fólk í skátastarfi – en það þýðir ekki að hún sé ákjósanleg aðferð við fræðslu eða þjálfun fullorðinna“ (WOSM, 2010).

- Börn og ungmenni eru í skátastarfi til að upplifa skemmtilegt ævintýri með vinum og félögum. Markmið skátastarfs er að þau læri smám saman *færni* og tileinki sér þannig *hæfni* til að takast á við ólík verkefni og læra af reynslunni og nýti þannig „ævintýrið“ til náms og þroska. Þannig verða skátarnir „leiðtogar í eigin lífi“.
- Fullorðnir taka þátt í skipulagðri leiðtogaþjálfun á grundvelli eigin reynslu beinlínis til að tileinka sér nýja þekkingu, læra tiltekna *færni* og öðlast þannig *hæfni* til að takast á við leiðtogastörf innan og utan skátahreyingarinnar. Auðvitað þarf námið líka helst að vera skemmtilegt.
- *Flokkakerfið ásamt táknrænu sögusviði og fyrirmyndum*, sem eru hlutar af *Skátaaðferðinni*, höfða til dæmis ekki á sama hátt til fullorðinna og til ungmenna.

Reynslunámshringur fullorðinna (Kolb, Honey og Mumford):

- Framkvæmd (upplifun) – (Activist)
- Ígrundun – (Reflector)
- Endurskipulagning – (Theorist)
- Meðvitund framkvæmd – (Pragmatist)

Heimildir:

- *Adult Resources Handbook, Section 700 „Working with Adults.“* (2005 edition). World Scout Bureau.
- *How Adults Learn*. Adults in Scouting. Euro Scout Doc. World Scout Bureau, 2010.
- Jarvis, P. (1985). *The sociology of Adult and Continuing Education*. Beckenham: Croom helm.
- Knowles, M.S. (1973). *The Adult Learner: A Neglect Species*. Houston: Gulf Publishing Company.
- Knowles, M.S. (1980). *The Modern Practice of Adult Education: From Pedagogy to Andragogy* (2. Útgáfa). New York: Cambridge Books.
- Knowles, M.S., Holton, E.F. og Swanson, R.A. (2005). *The Adult Learner. The Definitive Classic in Adult Education and Human Resource Development* (6. útgáfa). Amsterdam: Elsevier, Butterworth Heineman.
- Kolb, D.A. (1976). *Learning Style Inventory: Technical Manual*. Boston: Mcber.
- Kolb, D.A. (1984). *Experiential Learning: Experience as the Source of Learning and Development*. Englewood Cliffs: Prentice Hall.
- Kolb, D.A. og Roger F. (1975). „Towards an Applied Theory of Experiential Learning“ í C. Cooper (ritstj.) *Theories of Group Process*. London: John Wiley.
- Kristín Aðalsteinsdóttir. (2013). *Lífsfylling: Nám á fullorðinsárum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sögulegt yfirlit Gilwell-þjálfunar

(Þýðing á fylgiskjali með WOSM's Woodbadge Framework sem var gefið út af World Scout Bureau í mars 2012)

„World Adult Resources Policy“, sem fjallar um uppbyggingu og stýringu á mannauði fullorðinna skáta um allan heim, er á engan hátt í andstöðu við þær hefðir eða skipulag sem hefur ríkt um langan aldur. Samþykktin er í raun staðfesting á eldri stefnumörkun.

Skátastarf hófst 1907 og „foringjaþjálfun fyrir fullorðna“ („Adult Leader Training“), eins og við þekkjum hana, er nánast jafngömul hreyfingunni sjálfri. Þó að mikill tími Baden Powell hafi í upphafi snúist um kynningu hans á grunnhugmyndum sínum og stuðningi við grasróturvöxt skátastarfs sinni hann einnig þjálfun fullorðinna skátaforingja. Hann hélt sjálfur tvö námskeið, 1911 og 1912, sem byggðust á röð af fyrirlestrum á kvöldfundum.

Meginhugmyndir og þau einkenni sem síðar urðu undirstaða Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar („Wood Badge training“) komu strax fram árið 1913. Þjálfunin var veitt með beitingu flokkakerfisins og jafnri blöndu *kenninga* og *starfs* (theory and practice). Í upphafi var þó ekki um fullmótað formlegt þjálfunarkerfi að ræða. Það var fyrst eftir fyrri heimstyrjöldina, þegar ótrúleg fjölgun skáta átti sér stað, að Baden-Powell fór alvarlega að hugsa um mikilvægi þess að byggja upp formlega þjálfun fyrir þá ágætu sjálfboðaliða sem af einskærum áhuga sinntu leiðtogastörfum í þágu skátastarfs – til „að tryggja að þegar ég verð „farinn heim“ munu skátaforingjar framtíðarinnar vita hvað þetta allt snýst um og hvað ég hef haft í huga“ (B-P). Til þess að ná þessu markmiði þurfti bæði námskrá og þjálfunarstað. Staðinn – Gilwell Park, landareign í Epping Forrest í norðausturjaðri London – fann Baden-Powell 1918. Mr. W. F. de Bois Maclaren, skoskur iðnjöfur, keypti Gilwell Park og gaf breska skátalandinu (The Scout Association) fyrir útilífsmiðstöð fyrir skáta og þjálfunarbúðir fyrir skátaforingja.

Fyrsta Gilwell-námskeiðið hófst í Gilwell Park 8. september 1919 og var skipulagt í meginatriðum samkvæmt þeim hugmyndum sem voru þegar mótaðar 1913. Bók Baden-Powell, *Aids to Scoutmastership*, kom líka út sama ár. Allar aðstæður voru því fyrir hendi til að koma á fót heildstæðri leiðtogaþjálfun fyrir skátaforingja með fræðilegum hluta til að spanna grundvallaratriði í hugmyndafræði skátahreyfingarinnar, þátttöku í skátastarfi með einnar viku tjaldbúðalífi og þjálfun í stjórnun sem var lokið með verkefni sem unnið var á lengri tíma á hefðbundnum vettvangi skátastarfs. Frá upphafi hafði umhverfið í Gilwell Park, þjálfunaraðferðirnar, ásamt persónulegri útgeislun þeirra sem stýrðu og leiðbeindu á þessum námskeiðum – meðal annarra Baden Powell sjálfs – þau áhrif að skátaforingjarnir upplifðu afar sterkt hinn illskilgreinanlega „skátaanda“ og, á grunvelli þeirrar upplifunar, öðluðust þeir tilfinningu fyrir hlutverki skátastarfs, þeirra eigin viðfangsefnum innan skátahreyfingarinnar og fengu ómældan áhuga fyrir skátastarfi. Gilwell-þjálfun fyrir ylfingaforingja („Cub Scout Training“) hófst svo með svipuðu sniði 1922 og fyrir róverskátaforingja 1927.

Baden-Powell var ekki mikið fyrir viðurkenningarskjöl eða diplómur og þeir sem luku þjálfuninni við Gilwell Park fengu tvær „skógarperlur“ á leðurreim (The „Wood Badge“) til merkis um að þeir hefðu lokið Gilwell-þjálfuninni.

Fyrstu „skógarperlurnar“ sem voru afhentar fyrir Gilwell-þjálfun komu úr hálsfesti sem hafði verið í eigu Dinizulu, Zulu-höfðingja í Suður-Afríku, og Baden-Powell hafði fundið þegar hann var í Zululandi 1888. Dinizulu bar þessa hálsfesti við hátíðlegar athafnir. Festin var 12 feta löng, búin til úr um það bil eitt þúsund „perlum“ sem tálgaðar voru úr gulum Suður-Afrískum Acacia viði. Slíkar viðargreinar hafa mjúkan kjarna sem auðveldar að unnt sé að þræða leðurreim í gegnum „perlurnar“ endilangar og þannig var þeim komið fyrir, enda í enda, á 12 feta langri leðurreim. „Perlurnar“ sjálfar voru mislangar, sumar örlitlar og aðrar fjögurra þumlunga langar. Hálsfestin var af Zulumönnum talin heilög og var veitt höfðingjum og framúrskarandi stríðshetjum.

Þegar Baden-Powell leitaði að merki til að tákna að skátaforingi hefði lokið Gilwell-þjálfun mundi hann eftir Dinizulu hálsfestinni og sérstakri leðurreim sem gamall Afríkumaður hafði gefið honum sem heillagrip meðan á umsátrinu um Mafeking stóð. Hann tók tvær af minni „perlunum“ úr Dinizulu-hálsfestinni, boraði í gegnum þær miðjar, þræddi þær upp á leðurreim og kallaði „Wood badge“.

Þessari hefð hefur verið viðhaldið til þessa dags og mörg skátabandalög veita skátaforingjum sínum „skógarperlur“ á leðurreim þegar þeir hafa lokið „æðri leiðtogaþjálfun“. Allt á þetta fyrst og fremst rætur í upphafsárum skátahreyfingarinnar í Bretlandi – sem þá var nátengd útbreiðslu skátastarfs um allan heim. Strax eftir „*The Second International Conference*“ (nú „*World Conference*“) í París 1922 fóru allmargir fulltrúar af ráðstefnunni yfir Ermasund til að taka þátt í „Wood Badge-námskeiði“ í Gilwell Park. Gilwell Park hafði þannig fengið stöðu alþjóðlegrar stofnunar sem stjórnaði Gilwell-leiðtogaþjálfun skáta, með samþykki viðkomandi skátabandalaga, í næstum hálfa öld.

Næstu ár og áratugi stofnuðu mörg skátabandalög til foringja- eða leiðtogaþjálfunar - að mestu eftir fyrirmynd frá Gilwell Park. Gilwell-leiðtogaþjálfun í hverju landi var stýrt af svonefndum „Deputy Camp Chief“ (DCC) sem var skipaður af forstöðumanni Gilwell Park sem nefndur var „Camp Chief“. Þannig var Gilwell-þjálfun um allan heim stýrt, a.m.k. óbeint, frá Gilwell Park í London. Í raun var hér um að ræða mikilvægt framlag Breska skátabandalagsins til samræmingar á skátastarfi um allan heim.

Fyrstu tvo áratugin var þó engin sameiginleg þjálfun fyrir forstöðumenn Gilwell-leiðtogaþjálfunar í hverju landi (DCC) – þ.e. samræmd menntun fyrir þá sem þjálfuðu leiðtoga skátahreyfingarinnar í hverju landi. Þeir sem voru taldir líklegir til að taka að sér það hlutverk voru einfaldlega beðnir um að taka annað Gilwell-námskeið og þá helst á Gilwell Park.

Árið 1947 var haldið tilraunanámskeið fyrir forstöðumenn Gilwell-leiðtogaþjálfunar í hverju landi (DCCs) í Gilwell park. Næstu árin voru haldin slík tilraunanámskeið í nokkrum öðrum löndum, t.d. í Kanada. En það var ekki fyrr en 1956 sem haldið var fyrsta formlega „Training the Team Course“, eins og það var nefnt, undir stjórn „Camp Chief“ í Gilwell Park. Þetta námskeið þótti takast vel og árið eftir, á „16. World Conference“ sem haldið var í Cambridge, var stefnan sem þar var lögð staðfest til frambúðar.

Eftir þetta voru slík námskeið haldin víða um heim undir nafninu „International Training the Team Course“ – venjulega undir stjórn „Camp Chief“ frá Gilwell Park. En eftir því sem tíminn leið og vöxtur skátahreyfingarinnar um allan heim hélt áfram kom í ljós að þarfir skátabandalaga í ólíkum löndum fyrir þjálfun leiðtoga í skátastarfi voru mismunandi og aðstæður í ólíkum löndum fjölbreytilegar bæði landfræðilega og menningarlega. Þjálfunarkerfið, sem lengi hafði þjónað á fullnægjandi hátt, vantaði þann sveigjanleika sem nauðsynlegur var til að sinna í sífellt vaxandi mæli afar fjölbreytilegum þörfum ólíkra skátabandalaga.

Árið 1961 var stofnað „The World Training Committee“ sem undirstofnun „The World Committee“ og tillögur lagðar fram um að skipaðir yrðu svonefndir „National Training Commissioners“ í hverju landi. Þetta var í raun fyrsta skrefið í uppbyggingu fræðslu- eða þjálfunarkerfis fyrir skátahreyfinguna á heimsvísu. Nokkrum árum seinna lagði „The World Training Committee“ fram yfirgripsmikla skýrslu um menntun fullorðinna leiðtoga innan skátahreyfingarinnar og tillögur að nýrri stefnumörkun sem svo var samþykkt á „22. World Conference“ í Helsinki 1969.

Þessi nýja stefnumörkun staðfesti mikilvægi þess að hvert skátabandalag hefði sjálfræði um þróun eigin leiðtogaþjálfunar og að hve miklu leyti það gengist undir samhæfingu við önnur skátabandalög um aðferðir við þjálfun skátaforingja og menntun þeirra leiðtoga sem ættu að leiða slíka þjálfun í hverju landi. Stefnumörkunin lagði áherslu á gagnvirkni *samræmingar* annars vegar og *sveigjanleika* hins vegar og hvatti einstök skátabandalög til að móta þjálfunarkerfi sem þjónaði eigin þörfum og byggja upp eigið fræðslu- og þjálfunarteymi („National Training Team“).

Smám saman urðu til *fræðslu- og þjálfunarnefndir* („Regional Training Committees“) hjá öllum heimsvæðum (t.d. Evrópu) til að styðja einstök skátabandalög við uppbyggingu á fræðslu- og þjálfunarkerfi fyrir skátaforingja annars vegar og fyrir þá leiðtoga sem áttu að standa fyrir slíkri þjálfun hins vegar. Vinnu við þessa stefnumörkun var svo framhaldið og henni lokið árið 1977 þegar „26. World Scout Conference“ sem haldin var í Montreal samþykkti að þjálfun þeirra sem væru ábyrgir fyrir foringjaþjálfun í hverju landi fyrir sig (þ.e. „training of trainers“) væri á ábyrgð einstakra skátabandalaga. Eftir ákveðið tilraunátímabil gaf „The World Training Committee“ út matsskýrslu sem lögð var fyrir „28. World Scout Conference“ í Dakar 1981 - sem staðfesti réttmæti stefnunnar.

Á sama tíma kom út ný útgáfa af „International Training Handbook“ til að aðstoða „National Training Commissioners“ í einstökum löndum við að koma stefnunni í framkvæmd. Alþjóðaskrifstofan („The World Scout Bureau“) veitti einstökum skátabandalögum aðstoð við að móta eigið fræðslu- og þjálfunarkerfi, skipuleggja námskeið og þjálfa stjórnendur og leiðbeinendur.

Samin var ný skýrsla, „Adults in Scouting“, á „32. World Scout Conference“ í París 1990. Þessi skýrsla lagði grunn að skipulagi til að halda utan um þann mannauð sem fólgin er í fullorðnum skátum og er m.a. fólgið í fræðslu og leiðtogaþjálfun. Á þeim grunni var svo samþykkt stefnumörkun um mannauð fullorðinna skáta („World Adult Resources Policy“) á „33. World Scout Conference“ í Bangkok 1993. Þannig hefur leiðtogaþjálfun fullorðinna skáta („Adult Leader Training“) formlega orðið óaðskiljanlegur hluti þeirrar mannauðsstjórnunar sem skátahreyfingunni er svo mikilvæg.

Þessi stefnumörkun leggur áherslu á mikilvægi þess að samþætta í eina heild alla þætti mannauðsstjórnunar fullorðinna (þ.e. nýliðun, stuðning og þjálfun ásamt eftirfylgni). Hvað snertir þá fullorðnu einstaklinga sem um er að ræða er lögð áhersla á persónulegan þroska leiðtoga innan skátahreyfingarinnar og mikilvægi þess að skoða heildina en ekki einungis þröngt afmörkuð verkefni. Hvað snertir „stuðning og þjálfun“ er lögð sérstök áhersla á sveigjanleika hvað varðar fræðslu og þjálfun og að auðvelda öllum fullorðnum aðgengi að fræðslu- og þjálfunarkerfi hreyfingarinnar. Þá er lögð áhersla á að leiðtogaþjálfunin taki tillit til þroskaferils þeirra fullorðnu einstaklinga sem í hlut eiga til jafns við kröfur um ákveðna þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að sinna ákveðnum verkefnum.

Með þessari nýju nálgun er ekki gert lítið úr þeirri þjálfun og þeim stuðningi sem skátabandalög eða stjórnendur og leiðbeinendur hafa veitt fram að þessu. Þeir eru hins vegar með nýrri stefnumörkun orðnir hluti af stærri heild og þau hæfnisvið sem þeir þurfa að ráða yfir hafa víkkað verulega þar sem nú snýst leiðtogaþjálfun fullorðinna um allt sem fullorðnir gera innan skátahreyfingarinnar auk persónulegs þroskaferils hvers fullorðins skáta.

Ábyrgð einstakra skátabandalaga fyrir leiðtogaþjálfun innan hreyfingarinnar hefur verið skýr frá „22. World Conference“ í Helsinki 1969. Sú ábyrgð var staðfest og áréttað enn frekar með samþykkt „World Adult Resources Policy“ í Bangkok 1993 og nú síðast með samþykkt á enn nýrri stefnumörkun með „Adults in Scouting: World Policy“ á „39. World Scout Conference“ í Curitiba í Brasílu 2011. Í þeirri stefnumörkun segir m.a.: „Mælt er með notkun á Gilwell-einkennum (the Wood Badge Beads) sem merki um samræmingu og heildarramma. Sá WOSM-rammi fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfun sem hér birtist er gefin út til viðmiðunar fyrir skátabandalög einstakra landa.“ Það sem hér er sagt kemur til móts við óskir margra skátabandalaga og svarar þörfum þeirra fyrir skýrar skilgreiningar og ramma um Gilwell-leiðtogaþjálfun. Það mun líka marka skref í áttina að auknum gæðum í leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar.

Saga Gilwell-leiðtogaþjálfunar á Íslandi

Gilwell-þjálfun á vegum Bandalags íslenskra skáta hófst í september 1959. Fyrir það ár höfðu eftirfarandi þrír íslenskir skátar lokið Gilwell-þjálfun erlendis:

- Sigurður Ágústson 1924 í Danmörku
- Franch Michelsen 1938 í Danmörku
- Björgvin Magnússon 1950 í Gilwell Park

Gerð var tilraun til að koma á fót Gilwell-leiðtogaþjálfun á Íslandi árið 1933. Hingað kom þá í nokkra daga Mr. Reynolds, breskur skátaforingi frá Gilwell-Park í London, og kenndi íslenskum skátaforingjum á kvöldnámskeiði í Reykjavík auk þess sem haldið var Gilwell-námskeið í Þrastalundi við Sogið í miklu rigningarveðri. Ekkert varð frekar úr þessari tilraun og það leið um aldarfjórðungur þangað til formleg Gilwell-leiðtogaþjálfun hófst svo á Úlfjótsvatni 1959.

Á ýmsu hefur gengið þau fimmtíu og fimm ár sem liðin eru frá því að fyrsta íslenska Gilwell-námskeiðið var haldið á Úlfjótsvatni. Það var Odd Hopp, framkvæmdastjóri norska drengja-skátabandalagsins, sem stýrði fyrstu þremur Gilwell-námskeiðunum hér á land í sérstöku umboði Gilwell-Park - en fram til 1969 var Gilwell-þjálfun í heiminum stýrt meira eða minna þaðan. Það var Franch Michelsen sem átti heiðurinn af því að koma Gilwell-leiðtogaþjálfuninni á fót hér á landi. Hann hafði um nokkurt árabil verið í tengslum við Gilwell-Park og það mun hafa verið hann sem fékk Odd Hopp til að koma og stjórna fyrsta Gilwell-námskeiðinu á Úlfjótsvatni 1959.

Ýmsir hafa stjórnað Gilwell-námskeiðunum þessi rúm fimmtíu ár, en á engan er hallað þó að nafn Björgvins Magnússonar sé nefnt sérstaklega í því samhengi. Hann var aðstoðarmaður og meðstjórnandi Odd Hopp strax á fyrstu þremur námskeiðunum og tók svo endanlega við stjórninni 1963 og enginn hefur stjórnað jafn mörgum Gilwell-námskeiðum hér á landi.

Aðrir sem hafa stjórnað Gilwell-námskeiðum á Íslandi eru:

- Ingólfur Ármannsson
- Anna Kristjánsdóttir
- Benjamín Axel Árnason
- Kristín Arnardóttir
- Ólafur Ásgeirsson
- Helgi Eiríksson
- Sigurður Júlíus Grétarsson
- Helgi Grímsson
- Ólafur Proppé
- Helgi Jónsson

- Ásta Bjarney Elíasdóttir
- Margrét Vala Gylfadóttir
- Halldóra G. Hinriksdóttir
- Jakob Frímann Þorsteinsson

Björgvin Magnússon var skipaður DCC (Deputy Camp Chief) fyrir Ísland 3. september 1962 af John Thurman, Camp Chief í Gilwell Park. Sú skipan mála var svo lögð af í samræmi við nýja stefnumörkun sem var samþykkt á „22. World Conference“ í Helsinki 1969. Eftir það var Gilwell-þjálfunin á ábyrgð hvers skátabandalags fyrir sig og tengslin við Gilwell-Park urðu smám saman söguleg fremur en stjórnsýsluleg. Endanleg ábyrgð á Gilwell-leiðtogaþjálfun hefur frá 1969 verið hjá stjórn BÍS og þeim einstaklingi sem á hverjum tíma hefur haft með fræðslumál að gera fyrir hennar hönd.

Frá því að fyrsta Gilwell-námskeiðið var haldið á Íslandi var reynt að halda slík námskeið einu sinni á hverju ári. Þetta tókst ekki alltaf og 13 ár af 55 voru ekki haldin Gilwell-námskeið. Örfá dæmi eru hins vegar um að fleiri en eitt Gilwell-námskeið hafi verið haldin á sama árinu. Frá upphafi (1959) hafa um 900 einstaklingar sótt Gilwell-námskeið á Íslandi og rúmlega 500 lokið þjálfuninni og fengið Gilwell-einkennin. Þetta þýðir að tæplega 60% af þátttakendum hafa lokið þjálfuninni. Það er þó afar misjafnt eftir árum hve hátt hlutfall þátttakenda hefur lokið þjálfuninni (frá 0 til 94%) og segir það eitthvað um skipulag og eftirfylgni. Milli 20 og 30 íslenskir skátaforingjar hafa sótt Gilwell-námskeið erlendis eftir 1959 og sumir oftár en einu sinni. Allmargir íslenskir skátaforingjar hafa líka á undanförunum áratugum lokið námskeiðum fyrir þá sem stýra Gilwell-þjálfuninni (*Training the Team Course*). Hafa þeir í huga að því miður hefur utanumhald ekki verið sem skyldi þessi rúmlega fimmtíu ár og þess vegna eru tölurnar hugsanlega ekki fullkomlega áreiðanlegar.

Allir íslenskir skátar sem lokið hafa Gilwell-þjálfun eru sjálfkrafa félagar í *Gilwell-hringnum* sem er nafnið á samtökum Gilwell-skáta á Íslandi sem stofnuð voru 1962 með það að markmiði „að vinna að hverju því málefni, sem meðlimir hans álíta að geti orðið skátahreyfingunni til góðs.“ Gilwell-hringurinn hefur m.a. undanfarið misseri tekið að sér að gera upp og lagfæra Gilwell-skálann á Úlfjótuvatni sem lengst af hefur verið eins konar miðstöð Gilwell á Íslandi. Þá hefur Gilwell-hringurinn m.a. lagt sig eftir og gert sérstakt átak til að ná saman upplýsingum um hverjir hafa sótt Gilwell-námskeiðin frá upphafi og hverjir hafa lokið þjálfuninni og þar með fengið Gilwell-einkennin. Segja má að Gilwell-hringurinn sé eins konar fulltrúi hinnar alþjóðlegu Gilwell-sveitar hér á landi.

Á rúmlega hálfri öld hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að fara nýjar leiðir við Gilwell-þjálfunina. Árin 1995 og 1998 voru gerðar tilraunir með Gilwell-þjálfun sem var aðlöguð að þörfum fullorðinna og byggðist upp á allmörgum styttri kvöldnámskeiðum og tveimur helgum á Úlfjótuvatni. Fyrir nokkrum árum var svo tekið upp breytt form á Gilwell-námskeiðum. Gilwell-námskeiðinu, sem áður hafði lengst af verið rúmlega vikulangt með tveimur helgum, var skipt upp í 4-5 daga námskeið að sumri (oftast í ágúst) og svo styttra helgarnámskeið nálægt páskum árið eftir og aukinni eftirfylgd með verkefnum á milli námskeiða. Merkja mátti að þetta skipulag varð til þess að hætta hlutfall af

þátttakendum lauk þjálfuninni. Gilwell-þjálfunin var lengst af hugsuð sem sveitarfóringjaþjálfun og var í upphafi hugsuð fyrir þá sem voru að vinna með skátum í eiginlegu skátastarfi. Engin tölfræði er hins vegar til sem upplýsir okkur um hversu margir starfandi sveitarfóringjar, núna eða á liðnum árum, hafa lokið Gilwell-þjálfun.

Árið 2012 voru gerðar breytingar á Gilwell-leiðtogaþjálfuninni á Íslandi sem byggðar voru á nýjum viðmiðunarramma frá WOSM og sömu grundvallarforsendum og samsvarandi þjálfun í ýmsum nágrannalöndum okkar. Litið er á Gilwell-leiðtogaþjálfunina m.a. sem mikilvægt verkfæri við að fjölga verulega fullorðnum í skátastarfi. Reynt er að auka sveigjanleika og koma þannig til móts við ólíkar aðstæður fullorðinna skáta – en jafnframt að efla leiðtogaþæfni þátttakenda og ýmis konar færni, bæði hagnýta og á sviði stjórnunar, samskipta og samvinnu, sem nýtist bæði í skátastarfi og annars staðar í samfélaginu.

Þó að allir sem ljúka Gilwell-leiðtogaþjálfun fái sömu grunnsýn á hugmynda- og aðferðafræði skátahreyfingarinnar býðst þátttakendum nú að velja um tvær jafngildar námsleiðir – aðra fyrir þá sem vilja vinna sem sveitarfóringjar eða aðstoðarsveitarfóringjar með skátum á aldrinum 7 til 22 ára og hina fyrir þá sem hafa áhuga á að gera skátahreyfingunni gagn með því að vinna ýmis stjórnunarstörf innan skátafélags eða á sameiginlegum vettvangi skátastarfs, t.d. á vegum skátasambands eða BÍS. Þessar tvær námsbrautir eru nefndar *sveitarfóringjaleið* og *stjórnunarleið*.

Gilwell-leiðtogaþjálfunin samanstendur núna af fimm „skrefum“ sem eru mislöng og með ólíkar áherslur. Hvert skref er fólgið í námskeiði og ígrundunarverkefnum. Gert er ráð fyrir að Gilwell-leiðtogaþjálfunin taki 9 til 24 mánuði frá byrjun til enda - eftir aðstæðum hvers og eins.

Árið 2013 var svo sett af stað Gilwell-framhalds- og símenntun fyrir Gilwell-skáta og aðra fullorðna sjálfboðaliða innan skátahreyfingarinnar. Fyrstu framhaldsnámskeiðin voru um „mannauðsstjórnun“ og „viðburða- og verkefnastjórnun“. Stefnt er að fjölbreytilegu framboði framhalds- og símenntunar á ýmsum sérsviðum leiðtogaþjálfunar – helst 3-4 á hverju ári.

Starfslýsingar fyrir Gilwell-skólann

Skólastjórn Gilwell-skólans (5 manns)

- **Skólastjóri** – ber ábyrgð á starfi og þróun Gilwell-skólans og Gilwell-teymisins gagnvart stjórn BÍS og framkvæmdastjóra.
- **Mannauðsstjóri** – ber ábyrgð á þróun og framkvæmd Mannauðskerfis Gilwell-skólans sem er hluti af mannauðskerfi BÍS.
- **Gæðastjóri** – ber ábyrgð á gæðastjórn og gæðamati Gilwell-skólans skv. viðurkenndum gæðaviðmiðum fullorðinsfræðslu.
- **Markaðs- og samskiptastjóri** – ber ábyrgð á markaðssetningu og kynningu á námskeiðum Gilwell-skólans, samskiptum við önnur fagráð BÍS
- **Rekstrarstjóri** – ber ábyrgð á framkvæmd námskeiða Gilwell-skólans, þ.m.t. þátttökuskráningu, mönnun, umgjörð, aðföngum og fjárhagsramma hvers námskeiðs, jafnframt hefur hann umsjón með félagslagsstarfi Gilwell-teymisins.

Mannauðsstjórn Gilwell-skólans (2-4 manns)

- Þróun, námsefnisgerð og útgáfa stoðefnis mannauðskerfis Gilwell-skólans sem er hluti af mannauðskerfi BÍS.
- Kynning á mannauðskerfi skáta í skátastarfi, jafnt hjá fagráðum, nefndum og vinnuhópum BÍS og skátafélögum í landinu.
- Mönnun Gilwell-teymisins skv. mannauðskerfi skáta.
- Skilgreiningar á þörfum Gilwell-skólans fyrir sjálfboðaliða í afmörkuð verkefni/hlutverk.
- Umsjón með gerð tímabundinna starfssamninga og með reglubundnum „starfsmannaviðtölum“.
- Umsjón með framhalds- og símenntunarnámskeiðum Gilwell-skólans um mannauðsstjórnun.

Gæðastjórn Gilwell-skólans (2-4 manns)

- Innra og ytra gæðamat á starfsemi Gilwell-skólans.
- Reglulegt mat á gæðum starfsemi og fræðslu Gilwell-skólans .
- Umsjón með innri gæðastjórnun og verklagsreglum Gilwell-skólans.
- Vinna að formlegri viðurkenningu á Gilwell-leiðtogaþjálfun utan skátahreyfingarinnar.
- Tenging við aðrar fullorðinsfræðslustofnanir og tómtunda- og félagsmálafræði á háskólastigi.
- Umsjón með framhalds- og símenntunarnámskeiðum Gilwell-skólans um gæðamat og gæðastjórnun í skátastarfi.

Markaðs- og samskiptastjórn Gilwell-skólans (2-4 manns)

- Markaðssetning Gilwell-leiðtogaþjálfunar skáta jafnt innan hreyfingar sem utan.
- Upplýsingagjöf, samráð og samskipti við fagráð BÍS um Gilwell-leiðtogaþjálfunina, áherslur, strauma og stefnur á hverjum tíma – í samræmi við ímyndarstefnu BÍS.

- Ábyrgð á kynningu á einstökum námskeiðum Gilwell-skólans í samráði við stjórnendur námskeiðanna og starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar.
- Yfirstjórn „Kynningar- og markaðsteymis“ og umsjón með kynningarfundum teymisins um land allt.
- Umsjón með framhalds- og símenntunarnámskeiðum Gilwell-skólans um kynningar- og markaðsmál.
- **Rekstrarstjórn Gilwell-skólans** (2-4 manns)
 - Yfirumsjón með framkvæmd námskeiða grunnþjálfunar Gilwell-skólans í samráði við teymisforingja hvers grunnþjálfunarstigs.
 - Yfirumsjón og ábyrgð á að mönnun leiðbeinenda, umgjörð og aðföngum vegna hvers námskeiðs.
 - Yfirumsjón og ábyrgð á að fjárhagsrammi hvers námskeið sé skv. áætlun og ákvörðun stjórnar Gilwell-skólans og í samræmi við fjárhagsáætlun BÍS.
 - Ábyrgð á þátttökuskráningu og nemendaskrá Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar í samráði við starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar.
 - Umsjón með almennu félagslagsstarfi Gilwell-teymisins 3-4 sinnum á ári.
 - Umsjón með framhalds- og símenntunarnámskeiðum Gilwell-skólans um viðburða- og verkefnastjórnun.

Stjórnun og kennsla á námskeiðum í Gilwell-leiðtogaþjálfun

- 1. skref: „Skátaaðferðin – starfsgrunnur skáta“ (2-4 manns)
 - Undirbúningur fyrir námskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd fjögurra námskeiða á ári skv. fyrirfram auglýstum dagsetningum og viðbótarnámskeiðum skv. nánara samkomulagi ef þörf krefur t.d. vegna stofnunar nýrra skátafélaga.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námshluta í grunnþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
- 2. skref: „Markmið og leiðir í skátastarfi“ (2-4 manns)
 - Undirbúningur fyrir námskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd fjögurra námskeiða á ári skv. fyrirfram auglýstum dagsetningum og viðbótarnámskeiðum skv. nánara samkomulagi ef þörf krefur t.d. vegna stofnunar nýrra skátafélaga.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námshluta í grunnþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.

- 3. skref. „**Verkefni í skátastarfi**“ (5-8 manns)
 - Undirbúningur fyrir námskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd fjögurra námskeiða á ári skv. fyrirfram auglýstum dagsetningum og viðbótarnámskeiðum skv. nánara samkomulagi ef þörf krefur t.d. vegna stofnunar nýrra skátafélaga.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námshluta í grunnþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.

- 4. skref. „**Stjórnun og skipulagning skátastarfs**“ (4-6 manns)
 - Undirbúningur fyrir námskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd fjögurra námskeiða á ári skv. fyrirfram auglýstum dagsetningum og viðbótarnámskeiðum skv. nánara samkomulagi ef þörf krefur t.d. vegna stofnunar nýrra skátafélaga.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námshluta í grunnþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.

- 5. skref. „**Leiðtogi í eigin lífi**“ (3-5 manns)
 - Undirbúningur fyrir námskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd fjögurra námskeiða á ári skv. fyrirfram auglýstum dagsetningum og viðbótarnámskeiðum skv. nánara samkomulagi ef þörf krefur t.d. vegna stofnunar nýrra skátafélaga.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námshluta í grunnþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.

Stjórnun og kennsla á kjarnanámskeiðum í framhalds- og símenntun

- **Viðburða- og verkefnastjórnun** (3-5 manns)
 - Undirbúningur fyrir framhaldsnámskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd námskeiðs á eins eða tveggja ára fresti skv. nánara samkomulagi.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námskeið í framhaldsþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar og framhalds- og símenntunar á vegum Gilwell-skólans.

- **Mannauðsstjórnun** (3-5 manns)
 - Undirbúningur fyrir framhaldsnámskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd námskeiðs á eins eða tveggja ára fresti skv. nánara samkomulagi.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námskeið í framhaldsþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar og framhalds- og símenntunar á vegum Gilwell-skólans.
- **Einstaklingsleiðsögn í leiðtogaþjálfun** (mentorar) (3-5 manns)
 - Undirbúningur fyrir framhaldsnámskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd námskeiðs á eins eða tveggja ára fresti skv. nánara samkomulagi.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námskeið í framhaldsþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar og framhalds- og símenntunar á vegum Gilwell-skólans.
- **Skipulagning og kennsla á námskeiðum** (3-5 manns)
 - Undirbúningur fyrir framhaldsnámskeið í samræmi við námskrá.
 - Framkvæmd námskeiðs á eins eða tveggja ára fresti skv. nánara samkomulagi.
 - Endurmat á undirbúningi og framkvæmd námskeiða.
 - Þróun námsefnis og námsskrár viðkomandi námskeið í framhaldsþjálfun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Þátttaka í endurmati og vinnu við áframhaldandi þróun Gilwell-leiðtogaþjálfunarinnar og framhalds- og símenntunar á vegum Gilwell-skólans.

Aðrir starfshópar Gilwell-skólans

- **Gilwell-tenglar, einstaklingsleiðsögn í leiðtogaþjálfun (starf mentora)** (15-20 manns)
 Hver þátttakandi í grunnnámi Gilwell leiðtogaþjálfunarinnar fær úthlutað eða getur valið sér Gilwell-tengilið (mentor) við lok 3. skrefs námskeiðsins „Verkefni í skátastarfi“
 Hlutverk Gilwell-tengla (mentora) felst meðal annars í:
 - Stuðningi, hvatningu og endurgjöf til eins eða fleiri nemenda í grunnnámi Gilwell leiðtogaþjálfunarinnar.
 - Ráðgjöf og útvegum ítarefnis eða stuðningsefnis vegna vinnu nemandans að lokaverkefni sínu.
 - Yfirferð og endurgjöf vegna skýrslu um lokaverkefni nemandans.
 - Samþykki lokaverkefnis nemandans fyrir lokanámskeið grunnþjálfunarinnar. (5skref)
- **Umsjón með raunfærnimati** (2-3 manns)
 Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni á ákveðnu sviði, svo sem reynsla af starfi, námi eða félagsstörfum. Markmiðið með matinu er að einstaklingur fái viðurkennda

raunfærni sem hann býr yfir á ákveðnum tíma. Raunfærnimat, sem alltaf er gert með hliðsjón af námskrá, veitir tækifæri til að fá metna reynslu og færni sem jafngilda tilteknu námskeiði eða námsáfangna svo að viðkomandi þurfi ekki að sækja nám í því sem hann þegar kann.

- Viðtöl við umsækjendur um raunfærnimat.
 - Söfnun gagna og færnisráning.
 - Ráðgjöf um sjálfsmat.
 - Endurgjöf um raunfærnimat.
- **Nemendabókhald Gilwell-skólans** (2-3 manns)
 - Ábyrgð á nemendaskrá Gilwell-skólans.
 - Ábyrgð á ferilskrá hvers þátttakanda í Gilwell-skólanum.
 - Ábyrgð og áætlanagerð um birgðir og lagerhald Gilwell-einkenna í samráði við starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar.
 - Ábyrgð á útgáfu skírteina til staðfestingar á námi við Gilwell-skólann.
 - **Húsnæði, fæði, aðstaða fyrir verklega þætti** (2-3 manns)
 - Umsjón með eignum og búnaði Gilwell-skólans í samráði við starfsmenn Skátamiðstöðvar.
 - Gerð áætlana um matar- og efnisinnkaup vegna einstakra námskeiða í samráði við stjórnanda viðkomandi námskeiðs og starfsmenn Skátamiðstöðvar.
 - Yfirumsjón með að aðstaða og umgjörð námskeiða Gilwell-skólans sé í samræmi við gæðaviðmið og stefnu skólans og starfsmenn Skátamiðstöðvar.
 - **Kynningar og markaðssetning** (10-15 manns)
 - Kynna sér Skátaaðferðina, starfsgrunn í skátastarfi á Íslandi.
 - Kynna sér „mannauðskerfi skáta“.
 - Kynna sér Gilwell-leiðtogaþjálfun skáta.
 - Kynna sér vel og geta staðið fyrir svörum á fyrirlestrinum „Kynning á skátastarfi“.
 - Fara í skátafélög, eða til annarra áhugasamra hópa, með kynninguna, ásamt öðrum sjálfboðaliða í skátastarfi eða starfsmanni BÍS, 2-3 x á ári og standa fyrir svörum.
 - **Fjármál: Kostun og styrkir** (innlendir og erlendir) (2-3 manns)
 - Leit að kostunaraðilum til að tryggja gjaldfrjálsa þátttöku í námi við Gilwell-skólann í samráði við framkvæmdastjóra BÍS.
 - Leit að styrkjum (innlendum og erlendum) til að styðja við þróunarstarf og rekstur Gilwell-skólans í samráði við framkvæmdastjóra BÍS.
 - **Þróun og aðlögun á fjarnámskerfinu á internetinu** (3-5 manns)
 - Uppbygging og þróun fjarnámskerfis við Gilwell-skólann.
 - Virkt samstarf við Bandalag ástralskra skáta um internet kennslu.
 - Umsjón með fjarnámskerfi Gilwell-skólans (þegar þar að kemur).

Dæmi um starfssamning stjórnanda við Gilwell-skólann

Starfssamningur sjálfboðaliða

Teymisforingi Markaðs- og samskiptastjórnunar Gilwell-skólans

Upplýsingar um sjálfboðaliðann

Nafn : Jóhanna Jónasdóttir
 Kennitala: 310276-6789
 Heimili: Brávallagata 60 – 101 Reykjavík
 Sími/farsími: 345 6789 - 789 1234
 Netfang: jojo@gmail.com

Starfsheiti og starfstími sjálfboðaliðans:

Starfsheiti samkv. starfslýsingu: **Teymisforingi Markaðs- og samskiptastjórnunar Gilwell-skólans**
 Titill skv. starfslýsingu: **Gilwell-teymisforingi**
 Starfstími ráðningar: **15. maí 2014 til 15. maí 2016**

Markmið:

Skátahreyfingin er uppeldishreyfing og tilgangur skátastarfs er að gera heiminn betri. Við leitumst við að ná markmiðum okkar með að skapa umgjörð og stuðla að starfi sem veitir börnum, ungmennum og ungu fólki leiðsögn og hvatningu til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu – verða leiðtogar í eigin lífi.

Markmið „Markaðs- og samskiptastjórnunar teymis Gilwell-skólans“ er að vinna að tilgangi og markmiðum hreyfingarinnar með því að kynna og markaðssetja Gilwell-leiðtogarþjálfun skáta jafnt innan hreyfingar sem utan þannig að sem flestir sjálfboða-liðar í skátastarfi hefji Gilwell-vegferð sína.

Tengiliðir sjálfboðaliðans:

- Stjórn Gilwell-skólans og Gilwell-teymisins
- Samstarfsfólk í Markaðs- og samskiptastjórnunarteymi Gilwell-skólans
- Sjálfboðaliðar í Kynningar- og markaðsteymi Gilwell-skólans
- Starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar
- Fyrirliðar sjálfboðastarfs í skátafélögum

Starfslýsing:

Almennt:

- Kynning og markaðssetning á starfi Gilwell-skólans jafnt innan hreyfingar sem utan.
- Semja og setja upp kynningarefni og dagskrárgrunn fyrir kynningarfundi Gilwell-skólans í skátafélögum.
- Kynna sér vandlega; Skátaaðferðina – starfsgrunn skátastarfs á Íslandi, mannauðskerfi skáta og Gilwell-leiðtogarþjálfun skáta.
- Umsjón með upplýsingagjöf, samráði og samskiptum við önnur fagráð BÍS vegna Gilwell-skólans og helstu áherslur Gilwell-leiðtogarþjálfunarinnar á hverjum tíma.
- Ábyrgð og umsjón með kynningu á einstökum námskeiðum Gilwell-skólans í samráði við stjórnanda hvers námskeiðs og starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar.
- Sjálfboðaliðinn tekur að minnsta kosti einu sinni á ári þátt í árangursmati og starfsþróunarsamtali við þann stjórnanda í Gilwell-teyminu sem hann ber ábyrgð gagnvart.

Sérsvið:

- Teymisforingi situr í stjórn Gilwell-skólans og Gilwell-teymisins.
- Teymisforingi stýrir starfi „Markaðs- og samskiptastjórnunar“ teymis Gilwell-skólans og ber ábyrgð á starfi „Kynningar- og markaðsteymis“ Gilwell-teymisins, hvort heldur hann eða hún stýrir því eð felur öðrum stjórn þess.
- Teymisforingi skal stuðla að og byggja upp sem best og reglulegust samskipti við „Fyrirliða sjálfboðastarfs“ í skátafélögum landsins vegna kynningar á námskeiðum og kynningarfundum skólans.
- Teymisforingi skal amk. tvisvar til þrisvar sinnum á ári ásamt öðrum úr „Kynningar- og markaðsteyminu“ halda kynningarfundum um Skátaaðferðina – starfsgrunn skátastarfs á Íslandi, mannauðskerfi skáta og Gilwell-leiðtogaþjálfun skáta fyrir hópa úr skátafélögum eða aðra áhugasama.
- Teymisforingi skal undirbúa og eiga að minnsta kosti eitt árangursmats- og starfsþróunarviðtal á ári við þá sjálfboðaliða Gilwell-teymisins sem heyra beint undir hann eða hana. Jafnframt ber hann ábyrgð á að allir sjálfboðaliðar í þeim teymum sem beint eða óbeint undir hann heyra eigi þess kost að eiga slíkt viðtal við teymisforingja sína að minnsta kosti einu sinni á ári.

Sjálfboðaliðinn ber ábyrgð á:

- Markaðs- og kynningarstarfi Gilwell-skólans
- Stjórnun og starfi 2-4 manna „markaðs- og samskiptastjórnunar“ teymis Gilwell-skólans.
- Starfi „Kynningar- og markaðsteymis“ Gilwell-teymisins.

Sjálfboðaliðinn ber ábyrgð gagnvart:

- Skólastjóra og stjórn Gilwell-skólans og Gilwell-teymisins
- Samstarfsfólk í Markaðs- og samskiptastjórnunarteymi Gilwell-skólans
- Sjálfboðaliðum í Kynningar- og markaðsteymi Gilwell-skólans
- Starfsfólki Skátamiðstöðvarinnar
- Fyrirliðum sjálfboðastarfs í skátafélögum

Stuðningsefni til að vinna verkefnið (efni og búnaður):

- Lög og reglugerðir BÍS
- Skipulagsskrá og starfsgrunnur Gilwell-skólans
- Leiðarbók Gilwell-leiðtogaþjálfunar
- Ritið „Kjarni skátastarfs“
- Handbækur sveitarforingja í skátastarfi
- Almenn kynningarefni BÍS um Skátaaðferðina, mannauðsstjórnun og Gilwell-leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar.

Nauðsynleg þekking eða bakgrunnur:

Teymisforingi skal hafa haldgóða þekkingu og reynslu af markaðs- og kynningarstarfi og æskilegt er að hann eða hún hafi lokið Gilwell-leiðtogaþjálfun.

Í starfi sjálfboðaliða skal fylgja lögum og reglugerðum sem varða skátastarf og lögum og reglugerðum BÍS um skátastarf. Skv. reglugerð BÍS eiga allir 18 ára og eldri sem starfa í skátastarfi, hvort sem er í foringjastarfi eða öðru sjálfboðastarfi að skila inn heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá.

- Með undirskrift samnings þessa heimilar undirritaður að BÍS kanni sakaskrá undirritaðs í samræmi við eyðublað sem finna má á vefsíðu BÍS*

fh. Gilwell-skólans

Sjálfboðaliði

Dæmi um almennan starfssamning við Gilwell-skólann

Starfssamningur sjálfboðaliða

Sjálfboðaliði í Kynningar- og markaðsteymi Gilwell-skólans

Upplýsingar um sjálfboðaliðann

Nafn : Jón Jónsson
Kennitala: 300276-6789
Heimili: Séstvallagata 6 – 101 Reykjavík
Sími/farsími: 234 5678 - 678 9012
Netfang: jj@yahoo.com

Starfsheiti og starfstími sjálfboðaliðans:

Starfsheiti samkv. starfslýsingu: **Sjálfboðaliði í Kynningar- og markaðsteymi Gilwell-skólans**
Titill skv. starfslýsingu: **Sjálfboðaliði í Gilwell-teymi**
Starfstími ráðningar: **15. maí 2014 til 15. maí 2015**

Markmið:

Skátahreyfingin er uppeldishreyfing og tilgangur skátastarfs er að gera heiminn betri. Við leitumst við að ná markmiðum okkar með að skapa umgjörð og stuðla að starfi sem veitir börnum, ungmennum og ungu fólki leiðsögn og hvatningu til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu – verða leiðtogi í eigin lífi.

Markmið „Kynningar- og markaðs teymis Gilwell-skólans“ er að vinna að tilgangi og markmiðum hreyfingarinnar með því að kynna og markaðssetja Gilwell-leiðtogapjálfun skáta með kynningarfundum jafnt innan hreyfingar sem utan þannig að sem flestir sjálfboðaliðar í skátastarfi hefji Gilwell-vegferð sína.

Tengiliðir sjálfboðaliðans:

- Teymisforingi Markaðs- og samskiptastjórnunarteymis Gilwell-skólans
- Samstarfsfólk í Kynningar- og markaðsteymi Gilwell-skólans
- Starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar
- Fyrirliðar sjálfboðastarfs í skátafélögum

Starfslýsing:

Almennt:

- Umsjón með framkvæmd nokkurra kynningarfunda „Kynningar- og markaðsteymisins“ á hverju ári.
- Kynna sér vandlega; Skátaaðferðina – starfsgrunn skátastarfs á Íslandi, mannauðskerfi skáta og Gilwell-leiðtogapjálfun skáta.
- Sjálfboðaliðinn tekur að minnsta kosti einu sinni á ári þátt í árangursmati og starfsþróunarsamtali við þann teymisforingja eða stjórnanda í Gilwell-teyminu sem hann ber ábyrgð gagnvart.

Sérsvið:

- Sjálfboðaliðinn er í Gilwell-teymi Gilwell-skólans og tilheyrir „Kynningar- og markaðsteymi“ þess.
- Sjálfboðaliðinn skal amk. tvisvar til þrisvar sinnum á ári ásamt öðrum úr „Kynningar- og markaðsteyminu“ halda kynningarfundum um Skátaaðferðina – starfsgrunn skátastarfs á Íslandi, mannauðskerfi skáta og Gilwell-leiðtogapjálfun skáta fyrir hópa úr skátafélögum eða aðra áhugasama.

Sjálfbóðaliðiinn ber ábyrgð á:

- Starfi „Kynningar- og markaðsteymis“ Gilwell-skólans.
- Dagskrá þeirra kynningarfunda Kynningar- og markaðsteymis Gilwell-skólans sem sjálfbóðaliðiinn stýrir hverju sinni.

Sjálfbóðaliðiinn ber ábyrgð gagnvart:

- Teymisforingja Markaðs- og samskiptastjórnunarteymis Gilwell-skólans
- Samstarfsfólki í Kynningar- og markaðsteymi Gilwell-skólans
- Fyrirliðum sjálfbóðastarfs í skátafélögunum

Stuðningsefni til að vinna verkefnið (efni og búnaður):

- Lög og reglugerðir BÍS.
- Skipulagsskrá og starfsgrunnur Gilwell-skólans.
- Leiðarbók Gilwell-leiðtogaþjálfunar.
- Ritið „Kjarni skátastarfs“ .
- Handbækur sveitarforingja í skátastarfi.
- Almennt kynningarefni BÍS um Skátaaðferðina, mannauðsstjórnun og Gilwell-leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar.

Nauðsynleg þekking eða bakgrunnur:

Sjálfbóðaliðiinn skal hafa haldgóða þekkingu á Skátaaðferðinni-starfsgrunni skátastarfs, mannauðskerfi skáta og Gilwell leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar.

Í starfi sjálfbóðaliða skal fylgja lögum og reglugerðum sem varða skátastarf og lögum og reglugerðum BÍS um skátastarf. Skv. reglugerð BÍS eiga allir 18 ára og eldri sem starfa í skátastarfi, hvort sem er í foringjastarfi eða öðru sjálfbóðastarfi að skila inn heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá.

- Með undirskrift samnings þessa heimilar undirritaður að BÍS kanni sakaskrá undirritaðs í samræmi við eyðublað sem finna má á vefsíðu BÍS*

fh. Gilwell-skólans

Sjálfbóðaliði